

# MOSFELLINGUR

2. TBL. 23. ÁRG. FIMMTUDAGUR 8. FEBRÚAR 2024 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS

Handknattleiksmaðurinn Þorsteinn Leó og knattspyrnukonan Hafrún RakeL

## Íþróttafólk Mosfellsbæjar

»26



ÍÞRÓTTAFÓLK ÁRSINS  
2023 Í MOSFELLSBÆ

### EIGN VIKUNNAR

www.fastmos.is



### Bjargslundur 11

Nýtt og glæsilegt 219,1 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð með bílskúr í byggingu á eignarlóð. Frábært skipulag og mikil lofthæð. Frábær staðsetning þar sem stutt er í náttúruna og gönguleiðir. Eignin afhendist samkvæmt skilalýsingu seljanda rúmlega tilbúin til innréttinga en búið er að fullmála, setja hljóðdúk í loft með lýsingu og ganga frá rafmagni. **V. 134,9 m.**



**Fasteignasala  
Mosfellsbæjar**



FYLGSTU  
MEÐ OKKUR  
á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080  
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is

## VINNULJÓS SEM VIRKA MEÐ ÞÍNUM RAFHLÖÐUM



2.500, 5.000 & 10.000 Lumen

VIRKAR MEÐ RAFHLÖÐUM FRÁ:  
Milwaukee, Dewalt,  
Metabo, Bosch,  
Makita, Hikoki og  
Panasonic



**redder**  
Byggingalausnir

Hyrjarhófa 2  
Sími 558 0888  
www.redder.is

## BOLLA BOLLA BOLLA

MOSFELLSBAKARI.IS

HÁHOLT 13-15

HÁALEITISBRAUT 58-60



Mosfellingurinn Ólafur Gestur Arnalds prófessor

**Rannsakar íslenska náttúru og vernd hennar** »24

## RÉTTINGAVERKSTÆÐI

# Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbær  
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is  
WWW.JONB.IS



CAB  
CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI  
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson, hilmar@mosfellingur.is

Ritstjórn:

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggiola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

Prentun: Landsprent. Upplag: 5.000 eintök. Dreifing: Afturelding.

Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.

Prófkörk: Ingibjörg Valsdóttir ISSN 2547-8265

Tekid er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út mánaðarlega.

NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT 7. MARS

## Skipulag í brennidepli

9 dögum fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar skrifaði Mosfellsbær undir risastóran samning um uppbyggingu í landi Blikastaða. Samningurinn varð strax umdeildur og átti eftir að draga dilk á eftir sér.



Nú í byrjun árs voru stofnuð Hagsmunasamtök íbúa í Mosfellsbæ og létu þau gera

fyrir sig könnun meðal bæjarbúa um húsnæði, búsetu og þróun byggðar. Niðurstöðurnar eru athyglisverðar og kynntar í blaðinu í dag. Aðeins 2% svarenda vilja sjá mjög þetta byggð og 6% vilja þetta byggð á Blikastöðum.

Ekki ætla ég að þykjast vera einhver sérfræðingur í skipulagsmálum. Mér hefur alltaf líkað vel að búa í Mosfellsveit og nú Mosfellsbæ með öllum sínum sérkennum og sjarma. Kannski er það í eðli okkar að hræðast framtíðina. Ég gæti alveg lifað góðu lífi í 6.000 manna samfélagi eins og var hér um aldamótin og hlaupið um tún. Mér liggur ekkert á.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellingur



# ÍS FUGL

www.isfugl.is



## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU ...

### LÆKNISBÚSTAÐURINN

Byggður að Varmá en aldrei notaður sem slíkur.

Árið 1963 var hafin bygging læknisbústaðar að Varmá. Nýr héraðslæknir, Friðrik Sveinsson, kom til starfa 1966 en húsið þá ekki fullbyggt og Friðrik fékk aðstöðu á Reykjalandi. Héraðslæknirinn flutti aldrei í húsið, sem var þó í mörg ár kallað Læknisbústaðurinn. Það hefur verið notað í margs konar tilgangi s.s. heimavistarhús, handavinnu (smíða)hús, leikskóli, aðstaða fyrir skólahljómsveitina, og loks fyrir félagsmiðstöð unglinga, Bólið.

Mynd: BDS, vorið 1964 - húsið í byggingu. Vörubíllinn (FORD) í eigu Mosfellshrepps og 12 ára strákarinnir nemendur í Varmáarskóla: Jóel Kr. Jóelsson, Reykjahlíð, Kristján Hjartarson, Heimavist, Brynjar Viggósson, Skógum, Kjartan Jónsson, Hraðastöðum.

Mosfellsbær, saga byggðar



Umsjón: Birgir D. Sveinsson (birgird@simnet.is)

## HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið **Benjamín** falinn í blaðinu?



## Hringdu

skólanet Hringdu

- hraðasta internetið
- ótakmarkað gagnamagn
- langbesta verðið
- fyrir námsmenn
- 7.600 kr. á mánuði

# Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór  
Einarsson  
Lögg. fasteignasali



Sigurður  
Gunnarsson  
Lögg. fasteignasali



Theodór Emil  
Karlsson  
Lögg. fasteignasali



Steingrímur  
Benediktsson  
Lögg. fasteignasali



## FOSSATUNGA 1-15

Ný og vel skipulögð 226,7-229,9 m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Mjög stórar svalir með fallegu útsýni. Húsin afhendast fullbúin að innan með grófjafnaðri lóð, en þó er búið að helluleggja fyrir framan inngang.

V. 129,9-133,9 m.



## BJARKHOLT 10

Falleg og sjarmerandi ósamþykkt 118,9 m<sup>2</sup> 3-4ra herbergja íbúð á jarðhæð með séringngangi í nýlegu lyftuhúsi. Frábær staðsetning í hjarta Mosfellsbæjar þar sem stutt er í alla þjónusta.

V. 64,9 m.



## KVÍSLARTUNGA 28

Glæsilegt 382,5 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr í byggingu. Gólfisdir gluggar og mikil lofthæð sem gerir eignina skemmtilega og bjarta. Stórar svalir í suðurátt með glæsilegu útsýni. Eignin afhendist tilbúin til innréttinga.

V. 200,0 m.



## SKÁLAHLÍÐ 28

Fallegt 233,9 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Eignin skiptist í hjónaherbergi með fataherbergi, þrjú barnaherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, forstofu, eldhús, stofu, borðstofu, sjónvarpshol og bílskúr.

V. 159,9 m.



## VOGATUNGA 47

Fallegt og vel skipulagt, 199,8 m<sup>2</sup>, 5 herbergja endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Mikil lofthæð og innbyggð lýsing er á efri hæðinni. Mjög stórar svalir ca. 30 m<sup>2</sup> með fallegu útsýni og stór timburverönd.

V. 137,9 m.



## BUGÐUFLJÓT 17C

Nýtt og vandað 112,4 m<sup>2</sup> geymsluhúsnæði í Mosfellsbæ. Allt að 7 m lofthæð sem gefur möguleika á að setja upp allt að 52,2 m<sup>2</sup> milliloft í hverju bili. Eignin afhendist við kaupsamning fullbúin skv. skilalýsingu seljanda.

V. 49,5 m.



## BUGÐUFLJÓT 17B

Nýtt og vandað 63,8 m<sup>2</sup> geymsluhúsnæði sem er að rísa á stórrí lóð við Bugðufljót 17 á Tungumelum í Mosfellsbæ. Eignin afhendist við kaupsamning fullbúin skv. skilalýsingu seljanda.

V. 29,9 m.



## LILJUGATA 8-24

Glæsileg og vel skipulögð 190 m<sup>2</sup> raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr, frágenginni lóð með hellulögðu bílapani og timburverönd. Eignin afhendast tilbúin til innréttingar með frágenginni lóð V. 122,0 m. eða fullbúin á V. 144,5 m.



## BREKKUTANGI 13

278,0 m<sup>2</sup> raðhús á þremur hæðum með innbyggðum bílskúr við. Hellulagt bílapan með hleðslustöð. Fallegur garður með timburverönd í suðurátt. Svalir í suðurátt með svalalokun og svalir í norðurátt.

V. 121,5 m.



## PRASTARHÖFÐI 36

Mjög glæsilegt 244,7 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð á frábærum útsýnisstað við golfvöllinn í Mosfellsbæ. Húsið er allt hið glæsilegasta. Mjög mikil lofthæð, stórir gluggar. Sérsmíðaðar innréttingar. Tvö eldstæði, bæði í stofu og setustofu. Stórt hellulagt bílstæði. Mjög stór timburverönd úr harðvið.

V. 195,0 m.



## LINDARBYGGÐ 11

Mjög fallegt 189,1 m<sup>2</sup> parhús með lokuðu bílskúli. Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús, borðstofu, stofu, sólstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús/geymslu, rísherbergi og bílskúli. Frábær staðsetning í grónu og friðsælu hverfi í Mosfellsbæ, leikskóli í næsta nágrenni.

V. 123,5 m.



## BJARKARHOLT 27

Falleg og vel skipulögð 104,0 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í nýlegu lyftuhúsi. Séránotareitur í suðurátt. Frábær staðsetning í miðbæ Mosfellsbæjar þar sem stutt er í alla helstu þjónustu.

V. 73,9 m.



## LAXATUNGA 35 - FALLEGT OG VEL SKIPULAGT

Fallegt og vel skipulagt fimm herbergja 212,2 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Húsið skiptist í forstofu, stofu, borðstofu, eldhús, 2 baðherbergi, 4 svefnherbergi, þvottahús og bílskúr. Loftræstikerfi er í húsinu. Gott skipulag. Fallegar innréttingar og gólfefni.

V. 141,0 m.

# Stór meirihluti íbúa vill ekki þetta byggð á Blikastöðum

Hagsmunasamtök íbúa í Mosfellsbæ voru formlega stofnuð þann 9. janúar en tilgangur félagsins er að vera vettvangur fyrir íbúa Mosfellsbæjar til að gæta hagsmuna íbúa gagnvart stjórnvöldum, stjórnmaláðmönnum og öðrum.

„Við viljum hvetja íbúa til að taka virkan þátt í umræðunni um öll þau mál er varða hagsmunum íbúa Mosfellsbæjar,“ segir Berglind Þrastardóttir formaður samtakanna en með henni í stjórn eru Einar Páll Kjærne- sted og Ingibjörg Sigríður Árnadóttir.

Stuttu eftir stofnun samtakanna var sett af stað íbúakönnun og stofnaður hópur á Facebook sem telur um 900 meðlimi.

„Könnuninni var dreift með póstum á Facebook og þar komu hverfasíður bæjar- ins sér vel. Þátttaka fór fram úr björtustu vonum en tæplega 1.000 manns tóku þátt í könnuninni og ljóst er, út frá niðurstöðum hennar, að lítill samhljómur er á milli vilja bæjarbúa og bæjarfulltrúa um hvernig fólk vill sjá þróun byggðar í Mosfellsbæ.“

## Brugðið eftir fund skipulagsnefndar

Hugmyndin að stofnun Hagsmunasam- taka íbúa í Mosfellsbæ varð til í framhaldi af því að íbúar í Bröttuhlíð og Hamratanga voru boðaðir á samráðsfund skipulags- nefndar Mosfellsbæjar í byrjun desember.

„Tilfnið var að kynna fyrir íbúum tillögu um að breyta þessari 47 íbúða götu, sem eingöngu er byggð einbýlishúsum og fjór- býlishúsum yfir í 157 íbúða borgarbyggð, þar sem m.a. yrðu byggðar sjö, þriggja og fjögurra hæða blokkir upp við Vesturlands- veginn í Bröttuhlíð.“

Það er óhætt að segja að íbúum hafi brugðið enda tillagan í engu samræmi við gildandi aðalskipulag og ef af yrði myndi hún gjörbreyta ásynnd og byggð í götunni. Eftir fundinn hringdu nokkrir aðilar sig saman og voru allir sammála um að eitt- hvað yrði að gera til að berjast gegn þessum áformum og úr varð sterkur og drífandi hópur fólks. Fljótlega kom upp sú hug- mynd að það væri skynsamlegt að stofna hagsmunasamtök þar sem hægt væri að ræða mál bæjarins á ópólitskum og mál- efnalegum vettvangi því flest höfum við skoðun á því hvernig við viljum sjá bæinn okkar þróast.“

## Þörf á meiri umræðu um framtíðarsýn

Hagsmunasamtökin, í samvinnu við Húseigendafélagið, fengu Pál Jakob Lín- dal, dr. í umhverfissálfræði, til að vinna sköð- anakönnun á meðal bæjarbúa og spyrja íbúa hvernig þeir sjái fyrir sér húsnæði, búsetu og þróun byggðar í sveitarfélaginu.


„Auðvitað hefði sveitarfélagið átt að vera búið að gera slíka könnun áður en ráðist var í meiriháttar umbreytingu á þróun byggðar, en því miður þá var það ekki gert.“

Vonandi gefa bæjarfulltrúar okkar í Mos-



MÖGULEGT ÚTLIT FULLBYGGÐS BLIKA- STADAHVERFIS ÚT FRÁ ÞÉTTLEIKALÍKANI

## Hvaða hverfi í Mosfellsbæ finnst þér best lýsandi fyrir Mosfellsbæ?




fellsbæ sér tíma til að rýna niðurstöðurnar og hugsanlega sjá þeir að það sé þörf á miklu meiri umræðu um framtíðarsýn Mosfells- bæjar á milli bæjarbúa og bæjarfulltrúa.“

## 960 manns tóku þátt í könnuninni

Vefkönnun var gerð á tímabilinu 17.-31. janúar 2024 og eru frumniðurstöður kynnt- ar hér. 960 manns tóku þátt í könnuninni og var dreifing svara góð eftir aldursflokkum, kynjum og hverfum. Að sögn Páls Jakobs hafa þátttakendurnir almennt áhuga á skipulagsmálum og ættu niðurstöðurnar að vera hvatning fyrir skipulagsyfirkönnun að efla samtal og samráð við íbúa.

- Flestir voru sammála um að þétting byggðar ætti ekki að fara fram með þeim

## Hvers konar byggð myndir þú vilja sjá rísa í landi Blikastaða?



hætti að opin svæði í þeirra eigin hverfi myndu víkja fyrir íbúðabyggð.

- 48% þátttakenda nefna Reykja-, Tanga-, Holta- og Höfðahverfi sem hverfi sem lýsi Mosfellsbæ best.

- Niðurstöður sýna að yfirgnæfandi fjöldi þátttakenda er andvígur því að ný byggð í Blikastaðalandi verði tvöfalt þéttari en nú- verandi byggð í Helgafellshverfi.

» Nánari niðurstöður könnunarinnar má finna á facebook-síðu Hagsmunasamtaka íbúa í Mosfellsbæ.



## Ráðinn íprótta- og lýðheilsufulltrúi

Guðjón Svansson hefur verið ráðinn í starf íprótta- og lýðheilsufulltrúa Mosfellsbæjar. Alls sóttu 50 ein- staklingar um stöðuna sem auglýst var í byrjun desember. Íprótta- og lýðheilsufulltrúi mun taka leiðandi þátt í undirbúningi stefnumörkunar á sviði íprótta- og lýðheilsu- mála í samvinnu við íprótta- og tóms- tundanefnd. Einnig koma að vinnu stýrhóps um Varmárvæðið vegna frekari uppbyggingar á aðstöðu fyrir ípróttafólk og íbúa í Mosfellsbæ og sinna innleiðingu á lýðheilsu- og forvarnastefnu Mosfellsbæjar. Guðjón er með meistaraþráðu í viðskiptatengdum samskiptum frá University of Southern Denmark og BS-gráðu í viðskiptatengdum sam- skiptum, rekstri og tungumálum frá sama háskóla. Guðjón starfadi síðast við rekstur eigin fyrirtækja. Þar er um að ræða annars vegar fyrirtæki á sviði líkamsræktar, heilsueflingar og lýðheilsu og hins vegar ráðgjöf á sviði stefnumótunar og leiðtogafræðslu. Guðjón hefur ritað bækur og fræðsluefni á sviði lýðheilsu og heilsueflingar og er einn af leiðtogum Heilsueflandi samfélags í Mosfellsbæ.

## Áfram rampað upp við byggingar í Mosó

Bæjarráð ákvað á fundi sínum í byrjun árs að halda áfram samstarfi við verkefnið Römpum upp Ísland. Í kjölfar úttektar á vegum verkefnis- ins á opinberum byggingum í Mosfellsbæ hefur verið ákveðið að setja upp 47 rampa við 17 byggingar. Römpum í Mosfellsbæ fjölga ört og með þessari viðbót verða þeir því rúmlega 130 talsins. Römpum upp Ísland stefnir að því að byggja 1.500 rampa á Íslandi fyrir 11. mars 2025 í þágu hreyfihamladra. Hildur Hafbergsdóttir aðgengisfulltrúi Mosfellsbæjar er tengiliður við verk- efnið og stofnanir Mosfellsbæjar varðandi aðgengismál.



## KIRKJUSTARFIÐ

### HELGIHALD NÆSTU VIKNA

#### Sunnudagur 11. febrúar

Kl. 11: Guðsþjónusta í Lágafellskirkju. Prestur: sr. Henning Emil Magnússon. Kl. 13: Náttfata- og búninga sunnu- dagaskóli í Lágafellskirkju.

#### Sunnudagur 18. febrúar

Kl. 13: Steina sunnudagaskóli í Lágafellskirkju. Kl. 20: Taizé messa í Lágafellskirkju. Prestur: sr. Henning Emil Magnússon.

#### Sunnudagur 25. febrúar

Kl. 13: Ljósá sunnudagaskóli í Lágafellskirkju. Kl. 20: Konudagsmessa í

Lágafellskirkju. Prestur: sr. Arndís Linn

#### Sunnudagur 3. mars - Æskulýðsdagur

Þjóðkirkjunnar kl. 13: Fjölskyldumessa í Lágafellskirkju. Barnakórinn syngur. Eftir messu verður „Vaffla fyrir steinhús“ messukaffi í safnaðarheimilinu, Þver- holti 3, 3. hæð. Hægt verður að kaupa vöfflur og meppí.

#### Heilunarguðsþjónusta

Fimmtudaginn 15. febrúar kl. 20 í Lágafellskirkju. Umsjón: sr. Arndís Linn, Árni Heiðar organisti, Vigdís og hópur græðara.

#### Foreldramorgnar

Á fimmtudögum kl. 10-12 í safnaðarheimilinu.

#### Gaman saman - samverur eldri borgara (sjá auglýsingu)

Annar hvern fimmtudag kl. 12-14 í safnaðarheimilinu í samstarfi við FAMOS sem verða hina fimmtudagana á móti á Eirhömrum.

**15. febrúar:** Gissur Páll Gissurarson og Árni Heiðar Karlsson flytja fallega tónlist. **29. febrúar:** Ásdís Egilsdóttir - Innansveitarkrónika og samræður við sagnahefð.



JEEP® GRAND CHEROKEE

# GRAND FORSALA

4x4e

5

ÁRA ÁBYRGÐ

8

ÁRA ÁBYRGÐ Á  
DRIFRAHLOÐUNNI

PLUG-IN HYBRID



## VERÐLAUNAÐASTI JEPPI SÖGUNNAR Í FORSÖLU

Það hefur aldrei verið þægilegra að njóta ævintýranna jafnt innan sem utan borgarinnar. Nýr 380 hestafla Jeep® Grand Cherokee Plug-In Hybrid drífur þig á vit ævintýranna, hlaðinn lúxus-staðalbúnaði og með meira rými en áður. Aukin drifgeta og lágt drif.

**Bjóðum takmarkaðan fjölda bíla á flottu verði:**

**Limited: 14.990.000 kr. Summit Reserve: 16.990.000 kr.**

Komdu, prófaðu og taktu frá þitt eintak af verðlaunaðasta jeppa sögunnar.

ALVÖRU JEPPI – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

 ISBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 • ISBAND.IS • JEEP.IS  
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16



Mikil spenna fyrir föstudagskvöldinu • Þrír keppendur eftir • 100% það sem mig dreymir um • Finnur stuðning víða

# Jóna Margrét keppir til úrslita í Idol

Mosfellingurinn Jóna Margrét Guðmundsdóttir keppir til úrslita í Idol stjörnuleit föstudagskvöldið 9. febrúar en sýnt verður frá keppninni í beinni útsendingu á Stöð 2.

Jóna Margrét er alin upp í Mosfellsbæ til 10 ára aldurs, en býr nú á Akranesi. Foreldrar hennar eru Mosfellingarnir Hjördís Kvaran Einarsdóttir og Guðmundur St. Valdimarsson. Jóna Margrét lauk stúdentsprófi af tónlistardeild Menntaskólans á Akureyri 2023. Eftir MA fór hún til Kaupmannahafnar í söngnámi í Complete Vocal Institute.

„Ég var í námi úti í Danmörku þegar umsóknarferlið fyrir Idolið hófst og varð bara óskaplega skotin í þessu og ákvað að sækja um. Fékk svo svar um að ég væri komin inn og þá varð þetta allt svo raunverulegt. Ég er mjög þakklát fyrir það í dag og er ótrúlega stolt.“

## Vön að koma fram

„Ég hafði komið nokkuð fram áður en ég fór í Idolið. Var búin að vera mikið á sviði í söngleikjum í Hofi á Akureyri sem LMA setti upp, keppti í söngvakeppnum og komið oft fram á vegum TónAk.“

Ég á mér draum um að geta lifað á því að vera tónlistarmaður og þá þarf maður að vera duglegur að koma sér að. Ég hélt eigin útgáfutónleika á Græna hattinum þegar platan mín, Tímamót, kom út 2022. Platan var hluti af lokaverkefni mínu hjá TónAk.“

## Allt sem mig dreymir um

„Úrslitakvöldið fer fram með þeim hætti



JÓNA MARGRÉT ÁSAMT FORELDRUM SÍNUM, GUÐMUNDI OG HJÖRDÍSI KVARAN

að þrír keppendur koma fram og syngja eitt lag sem við veljum sjálf. Í miðjum þætti verður kosið og einn fer heim og þeir tveir sem eftir standa keppa aftur með því að syngja úrslitalag og aftur er kosið og eftir það verður krýndur sigurvegari

Idolsins 2024.

Þetta hefur gengið ótrúlega vel, þetta er náttúrulega allt sem mig dreymir um að gera, að koma fram undir nafninu

Jóna Margrét og vera listamaður.

Eins og fram hefur komið í þáttunum þá er þetta mjög, mjög erfitt ferðalag en á sama tíma 100% það sem mig dreymir um. Þetta er alveg magnað ferli og maður kynnist fullt af yndislegu og mjög hæfileikaríku fólki og myndar tengsl við fólk til frambúðar.“

## Finnur fyrir ótrúlegum stuðningi

„Það er alveg magnað, ég finn fyrir ótrúlegum stuðningi alls staðar frá. Mosó er alltaf mínar æskuslóðir og ég finn fyrir ótrúlega miklum stuðningi þar en svo hef ég búið á fleiri stöðum og hef mótast þar sem karakter og listamaður og ég mun alltaf tengja mig við þá staði líka.“

Ég finn fyrir miklum stuðningi frá öllum þessum stöðum, ég er mjög þakklát fyrir það og mér þykir vænt um það.

Ég ætla svo að nota „platformið“ og halda áfram, gefa út meiri tónlist og vera bara duglegri við að koma fram og trúá og treysta á það sem ég er. Þannig að ef einhver vantar atriði eða tónlistarflutning þá endilega bara hafið samband.

Ég vil enn og aftur þakka kærlega fyrir allan stuðninginn og ég fer hress inn í úrslitakvöldið,“ segir Jóna Margrét glöð í bragði að lokum.



REGÍNA, MAGNE KVAM OG JÓHANNA VIÐ BLIKASTAÐI



Mosfellsbær og Sporið • Brautir við Blikastaði og Hafravatn

## Samstarf um lagningu gönguskíðaspora

Skíðaganga nýtur aukinna vinsælda og því hefur Mosfellsbær hafið samstarf við fyrirtækið Icebike Adventures, sem staðið hefur fyrir lagningu skíðagönguspora undir heitinu Sporið, um að leggja skíðagöngubrautir í Mosfellsbæ.


Brautirnar eru tvær, önnur í kringum Hafravatn og hin á Blikastöðum. Bæjarráð samþykkti tillögu þess efnis fyrr í janúar og er um tilraunaverkefni að ræða.

Markmiðið er að auðvelda aðgengi íbúa

að skíðagöngubrautum í heimabyggð.

Vonast er til að hægt verði að leggja þessar brautir út febrúar og hugsanlega lengur en það fer eftir snjóalögum. Upplýsingar um brautirnar verða birtar á vef og samfélagsmiðlum Mosfellsbæjar.

Á myndinni eru: Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar, Magne Kvam forsvararmaður Sporsins og Jóhanna B. Hansen sviðsstjóri umhverfissviðs Mosfellsbæjar.



# Nafnasamkeppni fyrir þjónustusvæði á landi Skálatúns



Skálatún, sjálfseignarstofnun í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna efnir til samkeppni um nafn fyrir þjónustusvæði sem mun rísa á landi Skálatúns í Mosfellsbæ.

Þjónustusvæðið verður tileinkað þjónustu í þágu farsældar barna og ungmenna og fjöldi stofnana, félagasamtaka og sérfræðinga verða með starfsemi helgaða málafloknum.

Þátttaka er öllum opin til **22. febrúar** næstkomandi og vinningstillagan verður tilkynnt **7. mars**. Verðlaun fyrir vinningstillöguna verða **150.000 kr.**

Frekari upplýsingar og innsending tillagna á [mos.is/nafnasamkeppni](https://mos.is/nafnasamkeppni)

## 50 sóttu um íþrótt- og lýðheilsufulltrúa

Alls bárust 50 umsóknir um starf leiðtoga íþrótt- og lýðheilsamála en tveir umsækjendur drógu umsókn sína til baka áður en umsóknarfresti lauk. Eftirfarandi 48 aðilar eru þeir umsækjendur sem eftir stóðu, í stafrófsröð: Alexander Vladimir Goveiler, Andrés Andrés, Artem Prydatko, Ágúst Haraldsson, Birkir Örn Arnarsson, Eliths Freyr Heimisson, Elvar Smári Sævarsson, Elvar Þór Friðriksson, Enrique Morales, Eygerður Helgadóttir, Fannar Karvel, Goran Basrak, Guðbjörn Smári Birgisson, Guðjón Svansson, Gunnar Ingi Garðarsson, Halla Heimisdóttir, Hallgerður Ragnarsdóttir, Hanna Björk Halldórsdóttir, Hanna Carla Jóhannsdóttir, Hermann B. Valsson, Hildigunnur Sól Eldjárn, Hulda Sólveig Jóhannsdóttir, Ignacio Edvard Móseson, Ingunn Kristjana Þorkelsdóttir, Íris Björk Ásgeirsdóttir, Jón Oddur Guðmundsson, Jóna Hildur Bjarnadóttir, Kjartan Helgi Ólafsson, Konstantin Cupkovic, Kristín Ómarsdóttir, Kristrún María Björnsdóttir, Monika Skawinska, Mosa Isazade, Oleksii Bulakhov, Oleksii Dorofeiev, Ólafur Snorri Rafnsson, Ómar Jóhannsson, Ósk Hauksdóttir, Ragnhildur Gyða Magnúsdóttir, Rúnar Sigríksson, Sigurður Rúnar Magnússon, Silja Björg Kjartansdóttir, Simon Smidsgaard Hansen, Sonja Sif Jóhannsdóttir, Valdimar Khadir Árnason, Valdimar Leó Friðriksson, Valgerður Marija Purusic og Villimey Líf Friðriksdóttir.



Mosfellingurinn María Agnesardóttir syngur lagið Fljúga burt • Í beinni 24. febrúar

# MAIAA í Söngvakeppninni - seinna undanúrslitakvöldið



Mosfellingurinn MAIAA eða María Agnesardóttir tekur þátt í Söngvakeppni sjónvarpsins 2024 með laginu „Fljúga burt“ eða „Break Away“ á ensku. MAIAA keppir í seinni undankeppninni 24. febrúar sem fer fram í Fossaleyni í Grafarvogi.

MAIAA ólst upp í Mosfellsbæ og rekur tónlistarrætur sínar þangað. MAIAA var í Lágafellsskóla og tók þátt í öllu sem tengdist að einhverju leyti tónlist, allt frá söngleikjum settum upp af Lágafellsskóla yfir í söngkeppni á borð við söngkeppni Bólans og söngkeppni Kragans.

### Fékk gullhnappinn í Iceland Got Talent 2016

Söngvakeppnin er ekki fyrsta skiptið hennar Maríu á stóra sviðinu. Árið 2014 tók María þátt í Ísland Got Talent með afa sínum Þresti Lýðssyni, ekki til mikillar lukku, en María lét það ekki á sig fá, reyndi aftur 2016 og hreppti þar gullhnappinn frá Ágústu Evu.

Ein helsta minning Maríu úr Mosfellsbænum eru þau sumur þar sem hún hjólaði yfir til ömmu sinnar og afa í Krókabyggð.

„Það var tekið á móti manni með opnum örmum hvort sem maður lét vita af sér eða ekki og auðvitað vöflur og ís alltaf í boði,“ segir María.

### Afla reynslu og stækka tengslanet

Það að keppa í Söngvakeppninni hefur verið ævilangur draumur hjá Maríu. Þegar hún var 9 ára stal hún símanum af afa sínum, Sverri Agnarssyni, til að kjósa Jóhönnu Guðrúnu 100 sinnum, sem setti svo sannarlega strik í símreikninginn.

María er einstaklega spennt fyrir Söngvakeppninni og ætlar hún að nýta sér þetta tækifæri eins vel og hún mögulega getur.

„Þetta verður notað til að afla reynslu, stækka tengslanet og kynna þjóðinni fyrir MAIAA,“ segir María Agnesardóttir.

## ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNÐAN Í STARFINU



### Aðalfundur FaMos

Aðalfundur FaMos verður haldinn **mánudaginn 19. febrúar** í Hlégarði og hefst hann kl. 20:00. Dagskrá skv. lögum félagsins. Stjórn FaMos



### BINGÓ 14. febrúar

**Miðvikudaginn 14. febrúar kl. 13:30.** Bingónefndin ætlar að halda bingó í borðsal Hlaðhamra 2. Spjaldið kostar 500 krónur. Glæsilegir vinningar af öllum stærðum og gerðum í boði. **ALLIR VELKOMNIR**

### SKAPANDI BRAS HÓPUR

Alla fimmtudaga kl. 13:00.

**Viltu vera með í skapandi og skemmtilegum hóp?**



Við erum að leita að fólki sem hefur gaman af því að hugsa út fyrir boxið og skapa eitthvað skemmtilegt úr hinu og þessu, hvort sem það er málverk úr steypu, gipsi, bandi, lími, málingu eða setja saman gamla hluti og gefa þeim nýtt líf. Það eru engin takmörk sett, við útvegum ykkur stað og stund til að koma saman og leika ykkur og skapa. Allir velkomnir og kostar ekkert, þið ráðið ykkur sjálf.



Allir velkomnir. Upplýsingar gefur Elva forstöðumaður félagsstarfsins í síma 6980090 eða elvab@mos.is

### Gaman saman Eirhömrum

**8. og 22. febrúar kl. 13.30.** Krakkar úr leikskólum bæjarins kíkja og syngja með Helga.

**Gaman saman Safnaðarheimilinu kl. 14:00 15. og 29. feb.** Allir velkomnir.

### Félagsvist

Minum á félagsvist **alla föstudaga kl. 13:00** í borðsal Eirhamra.

### Gler og leir

Laust í gler og leir **miðvikudaga kl. 9:00-13:00.** Upplýsingar gefur Elva forstöðumaður félagsstarfsins í síma 6980090 eða elvab@mos.is



**Skrifstofa félagsstarfsins** er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er **Elva Björg Pálsdóttir** tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

**Skrifstofa FaMos** á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16.

**FÉLAG ALDRAÐRA** í Mosfellsbæ og nágrenni famos@famos.is www.famos.is

### STJÓRN FAMOS

**Jónas Sigurðsson** formaður s. 666 1040 jonass@islandia.is

**Jóhanna B. Magnúsdóttir** varaformaður s. 899 0378 hanna@smart.is

**Þorsteinn Birgisson** gjaldkeri s. 898 8578 thorsteinn.birgis@gmail.com

**Guðrún K. Hafsteinsdóttir** ritari s. 892 9112 gunnasjana@simnet.is

**Ólafur Guðmundsson** meðstjórnandi s. 868 2566 polarafi@gmail.com

**Ingibjörg G. Guðmundsdóttir** varamaður s. 894 5677 igg@simnet.is

**Áshildur Þorsteinsdóttir** varamaður s. 896 7518 asath52@gmail.com



# Snjallari grenndarstöðvar í Mosfellsbæ

Á næstu vikum verða settar upp nýjar grenndarstöðvar.  
Snjallskynjarnar verða settir í alla gáma til að tryggja  
tímanlega losun og fyrirbyggja fulla gáma.



## Stór GRENNÐARSTÖÐ:

Allar stöðvar í Mosfellsbæ verða stórar grenndarstöðvar sem taka á móti pappír og pappa, plastumbúðum, gleri, málmumbúðum og skilagjaldsskyldum flöskum og dósnum.

- Bogatangi
- Dælustöðvarvegur
- Vogatunga

Finndu þína stöð á [sorpa.is](http://sorpa.is)  
Takk fyrir að flokka!

Öflug fyrirtæki hafa sóst eftir lóðum við Korputún • 30-35 ha skipulagsvæði á Blikastaðalandi í fyrsta áfanga

# UPPBYGGING Í MOSFELLSBÆ

Á komandi árum er gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu atvinnu- og íbúðarhúsnæðis í Mosfellsbæ.

Áð sögn Regínu Ásvaldsdóttur bæjarstjóra er lögð áhersla á að fjölga og auka fjölbreytni starfa í Mosfellsbæ í nýrri atvinnustefnu bæjarins.

Í dag er bæjarfélagið stærsti atvinnurekandinn með um eitt þúsund starfsmenn. Næst á eftir koma Reykjalundur og Matfugl þar sem hvor aðili er með um 150 starfsmenn. Þá kemur Reykjabúið með 66 störf og Ísfugl með um 50 störf. Þar á eftir hjúkrunarheimilið Hamrar með um 40 starfsmenn.

## Okkur vantar fjölbreyttari störf

„Það vantar tilfinnanlega fjölbreyttari störf í bæjarfélagið og því eru ánægjuleg tíðindi að öflug fyrirtæki hafa sóst eftir lóðum á nýju svæði við Korputún auk þess sem uppbygging Skálatúns mun hafa í för með sér mikla fjölgun sérfræðistarfa,“ segir Regína.

Á lóð Skálatúns er ráðgert að koma fyrir að minnsta kosti þremur ríkisstofnunum sem þjónusta börn, unglinga og fjölskyldur þeirra.

Það eru Barna- og fjölskyldustofa með 80 starfsmenn, Ráðgjafar- og greiningarstöð með 70 starfsmenn og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu með 45 starfsmenn.

Um þessar mundir fer fram greining á húsnæðisþörf þessara stofnana og í framhaldinu verður auglýst eftir áhugasömum arkitektastofum til að vinna deiliskipulag á svæðinu. Þá fer fram nafnasamkeppni um heiti þessa nýja klasa. Gert er ráð fyrir að fleiri stofnanir og félagasamtök bætist við þegar fram líða stundir. Svæðið er mjög



KORPUTÚN, ATVINNUKJARNI Í LANDI BLIKASTAÐA

stórt, eða um sex hektarar, og að sögn Regínu getur það vel rúmað þá búsetukjarna sem eru fyrir og nýjar byggingar.

## Uppbygging á Blikastaðalandi

En það er líka gert ráð fyrir fjölgun íbúða, meðal annars á Blikastaðalandi. Á fundi bæjarstjórnar í lok janúar var staðfest fundargerð skipulagsnefndar sem fjallaði um umsagnir og ábendingar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á Blikastaðalandi.

Um var að ræða skipulagslýsingu sem var auglýst 13. desember í skipulagsgáttinni og höfðu íbúar og aðrir hagsmunaaðilar mánuð til að senda inn umsagnir sínar og ábendingar.

Skipulagslýsingin er fyrsta skrefið í samráði vegna fyrsta áfanga Blikastaðalands. Í lýsingu kom fram hvaða áherslur sveitarstjórn hefur við skipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur verkefnisins, fyrirliggjandi stefna og fyrirhugað skipu-

lagsferli samkvæmt lögum.

Í skipulagslýsingu segir meðal annars að skipulagsvæði í fyrsta áfanga sé u.þ.b. 30-35 ha að stærð og liggi upp að núverandi byggð við Þrastarhöfða. Svæðið verður skilgreint sem íbúðarbyggð og miðsvæði.

Gert er ráð fyrir mögulegum 1.200-1.500 íbúðum sem skiptast muni í sérbýli, einbýlis-, par-, raðhús og fjölbýli eftir aðstæðum í landi og nálægð þeirra við helstu samgönguæðar. Þá er gert ráð fyrir grænum svæðum og einnig er markmiðið að skapa aðlaðandi bæjarmynd þar sem gamli Blikastaðabærinn er hjarta svæðisins og aðdráttarafl.

## Svipuð þróun og frá aldamótum

„Fram undan er umfangsmikið samráð vegna skipulagsvinnunnar og er áætlað að sú vinna taki um eitt og hálf ári vegna fyrsta áfangans. Þannig má gera ráð fyrir að uppbygging fyrsta áfanga geti tekið



GAMLI BLIKASTAÐABÆRINN

allt að fjögur til fimm ár héðan í frá,“ segir Regína og bætir við að þróun uppbyggingar á Blikastaðalandi verði svipuð og þróun Mosfellsbæjar frá aldamótum.

„Ef við skoðum þróun Mosfellsbæjar síðastliðin 25 ár þá hefur íbúafjöldi bæjarins meira en tvöfaldast. Fjöldi íbúa í Mosfellsbæ var rúmlega 6 þúsund manns árið 2000.

Miðað við að uppbygging Blikastaðalands taki jafnlangan tíma, eða 25 ár, þá má gera ráð fyrir að íbúafjöldi Mosfellsbæjar verði orðinn 25 til 30 þúsund árið 2050. Þá er einnig tekið tillit til þess fjölda íbúða sem enn á eftir að byggja miðsvæðis í Mosfellsbæ og á óbyggðum svæðum í Helgafellshverfi.

Á Íslandi er ákall um meiri uppbyggingu húsnæðis, og á það ekki síst við núna í tengslum við eldgosin á Reykjanesi og rýmingu Grindavíkur. Horft er til norðurs í því samhengi og hvatt til hraðari uppbyggingar.

Við verðum að gera okkur grein fyrir að land er verðmæti, ekki síst þar sem hægt er að nýta dýra innviði og fjárfestingar sem fyrir eru í sveitarfélaginu. Það er mikilvægt fyrir Mosfellsbæ að geta boðið upp á góða þjónustu fyrir íbúana en til þess að það sé hægt þá þurfum við tiltekinn fjölda útsvarsgreiðenda og fyrirtækja til að standa undir henni.“



## VALENTÍNUSAR OG KONUDAGURINN Á BLIKBISTRO

### FORRÉTTUR

Forréttar platti til að deila

- Léttgrilluð og reykt bleikja með trufflusósu
- Risaráekjur með eldþipar sósu
- Beikonvafnar döðlur með pestó
- Brie ostur með pistasíum og apríkósum

### AÐALRÉTTUR

Kjúklingabringa með sætum kartöflum, piparsósu og steiktu grænmeti

### EFTIRRÉTTUR

Lava súkkulaðikaka með mojito salsa og hindberja sorber

9.990kr á mann

Bókið borð á blikbistro.is eða hringið í síma 5668480

## Aristó hárstofa

15%

af vörum í febrúar

Lausir tímar  
Sími 5668989  
noona.is/  
aristohars

Háholt 14  
Mosfellsbær



PEPPERONI VEISLA


BAZAAR



# TRÍÓ MÁNADARINS

**AÐEINS 2.390 KR.**

Í febrúar færðu stóra Pepperoni veislu, Bazaar eða Bahamas á aðeins 2.390 kr. ef þú pantar í appinu eða á vefnum, greiðir fyrirfram og sækir í Háholttö. Pantaðu núna!



BAHAMAS



ALEXÍA OG SIGDÓR Í HÁHOLTINU

Tvíburasystkinin Alexía og Sigdór láta drauminn rætast

# Opna skyndibita- staðinn Dúos í Mosfellsbæ

Skyndibitastaðurinn Dúos hefur opnað við hlið Krónunnar í Háholtinu. Tvíburasystkinin Alexía Gerður og Sigdór Sólvi Valgeirsbörn reka staðinn sem opnaði þann 12. janúar.

Systkinin eru alin upp á Kjalarnesi en búa nú í Mosó ásamt fjölskyldum sínum. Þau hafa mikla reynslu af lokum og hraðri afgreiðslu af Hlöllabátum þar sem þau hafa unnið í rúman áratug.

„Það hefur alltaf verið draumurinn að opna okkar eigin stað en hugmyndin var samt komin út af borðinu fyrir þónokkru síðan. Við ætluðum að breyta algjörlega um starfsvettvang. Svo einhvern veginn kom þetta bara upp á einum degi, skyndi-ákvörðun má segja,“ segir Alexía.

## Lokurnar skírðar eftir Mosfellingum

„Þetta fer eiginlega betur af stað en við þorðum að vona og móttökurnar verið frábærar, alveg geggjaðar. Margir sem koma aftur og aftur.“

Á boðstólum eru lokur, hamborgarar, djúpsteiktur pylsur og franskar.

En hvaðan kemur nafnið Dúos?  
„Við systkinin erum bara svo gott dúó að það lá beinast við.“

Hvaðan koma nöfnin á lokunum?  
„Okkur langaði að hafa smá bæjarstemningu hérna hjá okkur þannig að

við fengum lánuð nokkur gælunöfn með góðfúslegu leyfi. Nöfnin á lokunum eru því tengd við nokkra þekktu Mosfellinga. Það eru ekkert endilega allir sem fatta það, en þælingin er skemmtileg.“

Og hver er vinsælasta lokan?

„Það er hörð samkeppni á milli Bulkdórs og Bingó Bjóssa þessa dagana. Fleiri nöfn eins og Pulla Jr., Slæ, Jollinn, King og Queen B skjóta þarna líka upp kollinum.“

## Hægt að fá sent heim með Wolt

„Stærðin á húsnæðinu hér er fullkomin og staðsetningin góð. Næg bílastæði og líf í húsnæðinu öllu. Hér er hægt að grípa með sér mat eða gleypa í sig á staðnum. Við opnum kl. 10:00 á morgnana og lokum kl. 20:30 á kvöldin. Í hádeginu erum við með hádegisboð sem hljóðar upp á loku og gos á 1.850 kr.“

Dúos hefur hafið samstarf við Wolt um heimsendingar þannig að nú er hægt að fá matinn sendan beint heim að dyrum.

„Við sjáum hvernig þetta gengur hjá okkur, svo er aldrei að vita nema við förum í frekari útrás í framtíðinni, það kemur bara í ljós. Það er nóg að gera í bili,“ segir Sigdór.



## Bjarkarholt 17-19

270 Mosfellsbær

Nýtt glæsilegt  
fjölbýlishús á 5 hæðum



OPIN HÚS Á NÆSTUNNI

Hafðu samband við sölumenn okkar



**Jason**  
Löggiltur fasteignasali  
**775 1515**  
jko@miklaborg.is



**Jón Rafn**  
Löggiltur fasteignasali  
**695 5520**  
jon@miklaborg.is



**Óskar S.**  
Löggiltur fasteignasali  
**691 2312**  
osa@miklaborg.is



Nánari upplýsingar



Laugardaginn 10. feb kl.15

Sunnudaginn 18. feb kl.15

Laugardaginn 24. feb kl.15



**58 íbúðir 2-4 herbergja**



**Verð frá 45 milljónir**



**Innréttingar frá Parka**



**62 bílastæði**

FASTEIGNASALAN  
**MIKLABORG**

Með þér  
alla leið

# Vetrarfrí í Mosfellsbæ



## Mánudagur 19. febrúar

### • Bókasafnið

13:00 – 15:00 Rappsmíðja fyrir krakka í 4.-7.bekk  
Skráning evadogg@mos.is

### • Lágafellslaug

10:00 – 14:00 Wipeout braut í innilaug

### • Íþróttamiðstöð að Varmá

Sundlaugarskákborð í Varmárlaug  
Allar nánanir upplýsingar varðandi fimleikafjör, körfuboltafjör og handboltaæfingar eru inn á sportablar  
10:00 – 10:45 Fimleikafjör fyrir 1.-3. bekk  
11:00 – 11:45 Fimleikafjör fyrir 1.-3. bekk  
12:00 – 12:45 Fimleikafjör fyrir 4. bekk og eldri  
13:00 – 13:45 Fimleikafjör fyrir 4. bekk og eldri  
10:00 – 11:00 Körfuboltafjör opinn tími  
11:00 – 12:00 Körfuboltafjör 7.-8.-9. fl kk  
12:00 – 13:00 Körfuboltafjör 5.-6. bekkur kk  
13:00 – 14:00 Körfuboltafjör 1.-2. bekkur kk og kvk  
14:00 – 15:00 Körfuboltafjör 3.-4. bekkur kk og kvk  
10:00 – 12:00 Handboltaþrautir 1.-6. bekkur  
12:00 – 13:30 Handboltaæfing fyrir 7.-8. bekk  
13:30 – 15:00 Handboltaæfing fyrir 9. - 10. Bekk

### • Félagsmiðstöð Ból

19:15 – 22:00 Mótaröð Bólsins. Poolmót í VarmáBóli.

### • Golfklúbbur Mosfellsbæjar

10:00 -14:00 Golfkennarar hjá Golfklúbbi Mosfellsbæjar taka vel á móti börnum í vetrarfríinu.  
Kylfur til láns og allir geta spreytt sig í golfþrautabraut og leikjum í golfhermum.

## Þriðjudagur 20. Febrúar

### • Bókasafnið

13:00 – 15:00 Töfrasmíðja fyrir krakka í 2.-5.bekk.  
Skráning evadogg@mos.is

### • Lágafellslaug

10:00 – 14:00 Wipeout braut í innilaug

### • Félagsmiðstöð Ból

12:00 – 13:00 Fimleikasalur fyrir 5. bekk.  
13:00 -14:00 Fimleikasalur fyrir 6. & 7. bekkur.  
19:15 – 22:00 Mótaröð Bólsins.  
Pílukeppni í HelgóBóli & borðtennismót í Lágóbóli.

### • Íþróttamiðstöð að Varmá

Sundlaugarskákborð í Varmárlaug  
Allar nánanir upplýsingar varðandi körfuboltafjör og handboltaæfingar eru inn á sportablar  
10:00 – 12:00 Handbolta þrautir fyrir 1.-6. bekkur  
12:00 – 13:30 Léttar handboltaæfingar fyrir 7.-8. bekk  
13:30 – 15:00 Léttar handboltaæfingar fyrir 9.-10. Bekk  
10:00 – 11:00 Körfuboltafjör opinn tími  
11:00 – 12:00 Körfuboltafjör 7.-8.-9. fl kk  
12:00 – 13:00 Körfuboltafjör 5.-6. bekkur kk  
13:00 – 14:00 Körfuboltafjör 1.-2. bekkur kk og kvk  
14:00 – 15:00 Körfuboltafjör 3.-4. bekkur kk og kvk

### • Hestamannafélagið Hörður

10:00 - 12:00 Hestamennt og Hestasníld:  
teymt undir börnum, klapp og kynning.



Hólmfríður Kristjánsdóttir og Sigurgísli Jónasson.



Elsa Þórdís Snorradóttir og Októ Þórgrímsson.



Bjarki Elías Kristjánsson og Helena Katrín Hjaltad.



Anna Kristín Scheving og Elli Einarsson.



Sigurberg Guðbrandsson og Elín Anna Gísladóttir.



Silfurpema hjá frumlegasta borðinu en borðaskreytingar eru stórfáttur í stemningunni í kringum blótið en gestir mæta í hádeginu til að skreyta borð sín.



Sævar Birgisson og Eva Rún Þorsteinsdóttir.

Þorrablót Aftureldingar var haldið í íþróttahúsinu að Varmá laugardaginn 20. janúar

# Metfjöldi á þorrablótinu



Elin G. Einarssdóttir, Inga Jónsdóttir og Kitty Ólafsson.



Bergsveinn, Hlynur Elfar, Sigurður Valgeir og Ágúst.



Glimmer og glæsileiki á Þorrablóti Aftureldingar. Þessi fríði flokkur sló ekki slöku við.



Jóhanna Lilja Hjörleifsdóttir og Elvar Trausti.



Samheldnar í James Bond-pema. Lovísa, Anna Sigríður, Regina og Halla Karen.



Halldór Karl, Sandra Kjartans, Guðrún Sveins og Grétar Eggertsson.



Hallur Jónasson og Bryndís Bessa.



Ragnar Þór Ólason og Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir.



Garðar Karl Ólafsson og Telma Rut Frimannsdóttir.



Sveinn Þórgímur Sveinsson og Margrét Ragnarsdóttir.



Guðrún Þórarinsdóttir og Helgi Pálsson.



Emil Viðar Eypórsson og Guðlaug Edda Steingrims.



Svanþór Einarsson og Anna Ragnheiður Jónsdóttir.



Bjarni Þór Ólafsson og Vigdís Elín Bjarnadóttir.



Guðbjörg Hrönn Björnsdóttir og Ágúst Reynisson.



Tryggvi Blumenstein og Ólafur Örn Bragason.



Brúðkaupsþema hjá vinkonunum sem mættu með slörið á höfðinu.



Bræðurnir Sveinbjörn og Þórarinn Eggertssynir.



Forsprakar þorrablótisins í núverandi mynd, Ásgeir Sveins, Hanna Síms og Rúnar Bragi.



Geiri í Kjötubúðinni sá um þorramatinn fyrir hátt í 1.000 manns.



Ragnhildur Sigurðardóttir og Jón Andri Finnsson.



Dagný Kristinsdóttir og Haukur Örn Harðarson.



Búbblur á blóti. Glæsilegur hópur skálar hér í Íþróttahúsinu að Varmá. Nágrannar úr Laxatungunni tóku sig saman og fjölmenntu á þorrablótíð.



Smári Gunnarsson og Arna Hagalínsdóttir.



Berglind Þrastardóttir og Óðinn Valdimarsson.



Guðjón Magnússon og Anna Björk Eðvarðsdóttir.



Mæðginin Björgvin Franz og Harpa Iðunn.



Viktor Marel Kjærnsted og Edda Emillía Arnarsd.



Systurnar Elín Guðný og María Peta Hlökkversdætur.



Slæm umgengni um skápinn • Mikil vonbrigði

## Frískápur áfram við Kjarna

Til stóð að loka frískápnunum sem staðið hefur við Kjarnann í tæpt ár. Ástæðan var slæm umgengni um skápinn.

Markmiðið með frískápnunum er m.a. að minnka matarsóun og deila mat milli fólks í stað þess að henda honum en slíkir skápar hafa verið settir upp víða um land.

„Þetta hefur gengið vel og hefur sannað

gildi sitt, því voru það mikil vonbrigði að sjá og upplifa umgengnina.

Við brugðumst við með að opna umræðuna í bæjarfélaginu og í skólum bæjarins. Við það lagaðist þetta mikið og við ætlum að reyna þetta áfram,“ segir Gerður Pálsdóttir sem hefur séð um verkefnið frá upphafi.



Kallað eftir tillögum frá nemendum • Völlur klár í sumar

## Koma upp upphituðum sparkvelli við Varmárskóla

Undirritaður hefur verið samningur milli Mosfellsbæjar og fyrirtækisins Vargs ehf. um byggingu á nýjum upphituðum sparkvelli á skólalóð Varmárskóla sem er fyrsti hluti af endurbótum á lóð skólans.

Pegar hugmyndavinna við nýja skólalóð hófst var kallað eftir tillögum frá nemendum og voru flest sem óskuðu eftir sparkvelli. Hönnuði var svo falið að vinna með

tillögu nemenda og var niðurstaðan kynnt fyrir þeim síðastliðið haust.

Framkvæmdin felur í sér að koma upp upphituðum sparkvelli að stærð 18x33 m ásamt stálrimlagirðingu umhverfis völlinn, hellulögn og ljósastaurum.

Áætlað er að framkvæmdir hefjist á næstu vikum og verklok verði í lok júlí 2024.

## Laus störf í Mosfellsbæ

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á ráðningarvef bæjarins: [www.mos.is/storf](http://www.mos.is/storf)

Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700

## Styrkir til lista- og menningarstarfsemi 2024

Menningar- og lýðræðisnefnd Mosfellsbæjar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna listviðburða og menningarmála árið 2024.

Umsækjendur geta verið einstaklingar, fyrirtæki, félagasamtök eða stofnanir, innan sem utan Mosfellsbæjar.

Fjárframlög til lista og menningarmála eru af tvennum toga:

- Fjárframlög til almennrar listastarfsemi
  - Fjárframlög vegna viðburða eða verkefna
- Umsóknum skal skilað í síðasta lagi þann 1. mars 2024 á þjónustugátt Mosfellsbæjar.**

Nánari upplýsingar á vef Mosfellsbæjar, [mos.is](http://mos.is).

Niðurstöður Menningar- og lýðræðisnefndar Mosfellsbæjar munu liggja fyrir eigi síðar en 12. mars 2024 og eru háðar samþykki bæjarstjórnar.

Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700





**WorldClass**  
**ICELAND**

**18 STÖÐVAR**

**8 SUNDLAUGAR**

# Mosfellsbær

**Súperform** 12. FEBRÚAR

**Infrared Fit Pilates** 20. FEBRÚAR

**Ný námskeið að hefjast  
og yfir 50 opnir tímar á viku**

Skráning og nánari upplýsingar á [worldclass.is](http://worldclass.is)



Breytingar á umsýslukerfi og vefsíðum leikskólanna

## Dagur leikskólans

Um áramótin tók Mosfellsbær í notkun Völu leikskólakerfi og smáforritið (appið) Völu með það að markmiði að einfalda umsóknarferlið, gera upplýsingaflæði skilvirkara og gagnvirkara milli leikskóla og foreldra og auka heildaryfirsýn svo eitthvað sé nefnt.

Með tilkomu Völu leikskóla er Mosfellsbær kominn með sama kerfi fyrir leikskóla, mótuneyti grunnskóla, vetrar- og sumarfrí-stund og vinnuskólann.

Smáforritið (appið) Vala er hugsað fyrir dagleg samskipti og þar geta forráðamenn

séð tilkynningar, fréttir, skilaboð, matseðla og viðburðadagatal leikskólans. Með tilkomu appsins eru forráðamenn komnir með allar upplýsingar á einum stað.

Á sama tíma hafa vefsíður leikskóla verið uppfærðar og samræmdar og þá stendur yfir vinna við að uppfæra og samræma einnig vefi grunnskólanna og eru þar á meðal samþættir leik- og grunnskólar.

Innleiðingin er eitt af stafrænum verkefnum sem Mosfellsbær vinnur að þar sem markmiðið er notendavæn og aðgengileg þjónusta fyrir íbúa.



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

## Húsmæðraorlof 2024 Gullbringu og Kjósarsýsla

Orlofsnefnd húsmæðra í Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir sveitarfélögin Garðabæ, Kjósarhrepp, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes auglýsir hér með orlofsferðir fyrir árið 2024.

17. - 25. maí 2024 9 daga ferð/8 nætur Stuttur umsóknarfrestur

Rínarsigling um helstu perlur Norður Þýskalands, Hollands og Belgíu

17. ágúst 2024 Dagsferð til Vestmannaeyja

5. - 12. október 2024 8 dagar/7 nætur

Glæsileg ferð um Andalúsíu á Spáni

28. nóvember – 2. desember 2024 5 dagar/4 nætur

Aðventuferð til Heidelberg og Rothenburg ob der Tauber

Rétt til að sækja um orlofsferð hefur sérhver kona sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf. Upplýsingar um ferðirnar og skráning er á vefsíðunni [www.orlofgk.is](http://www.orlofgk.is) einnig er hægt að senda tölvupóst á [orlofgk@gmail.com](mailto:orlofgk@gmail.com)



## Gaman saman

### Dagskrá vor 2024

**18. janúar:** Stefán Jökulsson - Að ganga á staðnum eða leggja land undir fót

**1. febrúar:** Ari Trausti Guðmundsson - Suðurskautslandið

**15. febrúar:** Gissur Páll Gissurarson og Árni Heiðar Karlsson flytja fallega tónlist

**29. febrúar** Ásdís Egilsdóttir - Innansveitarkróníka og samræður við sagnahefð

**14. mars:** Kristján Gíslason - Hringfarinn

**11. apríl:** Ingi Þór Ágústsson - Ný nálgun í þjónustu aldraðra í Mosfellsbæ

Annan hvern fimmtudag kl. 14 - 16  
Safnaðarheimili Lágafellssóknar, Þverholti 3

[lagafellskirkja.is](http://lagafellskirkja.is)

**ALLT**  
FASTEIGNASALA

Sérniðin þjónusta til  
byggingaraðila

ALLT.IS - ALLT@ALLT.IS - 5605505

# Sumarstörf hjá Mosfellsbæ 2024

## Mosfellsbær auglýsir sumarstörf fyrir ungt fólk í Mosfellsbæ

Opnað verður fyrir umsóknir **12. febrúar**.

- Flokksstjóri í Vinnuskóla Mosfellsbæjar  
(lágmarksaldur 20 ára á árinu)
- Almenn sumarstörf (17- 18 ára)
- Almenn sumarstörf fyrir ungt fólk  
/ með stuðning (16-20 ára)
- Flokksstjóri í garðyrkjudeild  
(lágmarksaldur 20 ára árinu)
- Almenn störf í garðyrkjudeild  
(lágmarksaldur 17 ára á árinu)
- Þjónustustörf og sundlaugargæsla  
íþróttamiðstöðvum  
(lágmarksaldur 18 ára á árinu)
- Aðstoð við fötluð börn og ungmenni  
(lágmarksaldur 18 ára á árinu)

Nánari upplýsingar um störf, starfsheiti, starfssvið, hæfniskröfur, laun og vinnutímabil er að finna á heimasíðunni [www.mos.is](http://www.mos.is).

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**Umsóknarfrestur um öll störf er til og með 13. mars 2024.**

Vinsamlegast athugið að ekki verður tekið við umsóknum sem að berast eftir þann tíma.

# BANKINN

BISTRO



## HÁDEGISHLAÐBORD

ALLA VIRKA DAGA

TVEIR AÐALRÉTTIR  
& SÚPA DAGSINS

MATSEÐILL BIRTIST VIKULEGA Á  
INSTAGRAM & FACEBOOK SÍÐUM BANKANS

  bankinnbistro

FRÉTTIR | ÞÓMORLEIÐA | 5. 10. 1000 | WWW.BANKINN.BI | BANKINN@STOFNUN.BANKINN.IS

**Nú erum við komnir með píluspjöld á Bankann**

**Lítið við og takið  
leik og kannski  
einn íískaldan með!**



# STEBBA JAK

**Föstudaginn 9. feb  
kl. 21:00**

**Miðasala  
á midix.is**

**Tónleikar í anda  
“Í skúrnum hjá  
Stebba JAK”**

**Dagskráin samanstendur  
af lögum af ferli Stebba í  
bland við sögur, singalong  
og lög sem fólk getur alls  
ekki sungið með, en má  
samt reyna!**

**Skemmtileg kvöldstund  
fyrir skemmtilegt fólk!**

**BANKINN**  
BISTRO



# Sögustund

í Bókasafni Mosfellsbæjar

Þriðjudaginn 13. febrúar kl. 16:45



Að þessu sinni lesum við saman bókina Hver er flottastur? eftir Mario Ramos.

Segir hér af hinum hégómlega, en óneitanlega töluvert glæsilega, úlfi sem spígsporar um skóginn og krefst þess að aðrir dáist að honum. Hann hittir hinar ýmsu sögupersónur ævintýranna sem öll hrósa honum í hástert – en hann hefði betur hugsað sig um tvisvar áður en hann truflaði drekabarnið sem er í feluleik við fuglinn.

Öll velkomin!



# YETRARFRÍ

Í BÓKASAFNI MOSFELLSBÆJAR

## RAPPSMIÐJA

-FYRIR KRAKKA Í 4.-7. BEKK-

19. FEB.

KL. 13-15

Hefur þig alltaf langað til að læra að rappa? Nú er tækifærið! Steinunn og Ragga úr Reykjavíkurdætrum stýra rappsmiðju í vetrarfríinu. Skráning á [evadogg@mos.is](mailto:evadogg@mos.is)



## TÖFRASMIÐJA

-FYRIR KRAKKA Í 2.-5. BEKK-

20. FEB.

KL. 13-15

En hvað með að læra alvöru töfrabrogð? Einar Aron töframaður með meiru stýrir stórskemmtilegri töfrasmiðju í vetrarfríinu. Skráning á [evadogg@mos.is](mailto:evadogg@mos.is)



Velkomin á sýningaropnun  
laugardaginn 10. febrúar  
milli kl. 14-16

VIÐ SJÓINN

10. feb. – 8. mars. 2024

Giita Hammond  
& Lara Roje



Listasalur Mosfellsbæjar  
Pverholt 2, 270 Mosfellsbær



# BÚNINGASKIPTI Í BÓKASAFNINU

Öskudagurinn er á næsta leit!  
Boðið verður upp á búningaskipti  
í bókasafninu 6.-13. febrúar

Komdu með búning og skiptu fyrir annan.  
Gefum búningunum nýtt líf!



Móta skýra sýn til næstu 15 ára • Kortleggja svæðið

# Stýrihópur stofnaður um uppbyggingu að Varmá

Stofnaður hefur verið stýrihópur með það að markmiði að endurskoða Varmásvæðið og móta skýra sýn á uppbyggingu á svæðinu til næstu 15 ára.

Markmiðið er að sú vinna nýtist til að styrkja almenningsíþróttir, íþróttastarf Aftureldingar, bæta útivistaraðstöðu fyrir nemendur í aðliggjandi skólum og almennt auka gæði svæðisins fyrir íbúa Mosfellsbæjar.

Stýrihópurinn skipa kjörnir fulltrúar, embættismenn og fulltrúar Aftureldingar og þá verður samstarf og ráðgjöf fengin frá íþróttafélögum í Mosfellsbæ, ungmennaráði, notendaráði um málefni fatlaðs fólks, félagi eldri borgara í Mosfellsbæ, skólasamfélaginu í Varmáarskóla og Kvíslarskóla og frá öðrum hagsmunaaðilum.

Stýrihópurinn hefur það hlutverk að kortleggja íþróttasvæðið að Varmá með

tilliti til:

- Skipulagslegra þátta.
- Þarfagreiningar vegna uppbyggingar til næstu 15 ára sem taki tillit til uppbyggingarþarfur íþróttastarfs, framfararuppbyggingar á íþróttastarfi í Blikastaðalandi
- Endurskoðun á þarfagreiningu Eflu frá 2021 á þjónustubyggingu og bæta við hana skoðun á sundlaugarbyggingu og öðrum rýmum sem þarfagreining Eflu tók ekki til.
- Samráðs við helstu hagaðila, þ.m.t. börn og ungmenni.

- Kostnaðarmats á valkostum með tilliti til uppbyggingar svæðisins og fjármögnunar þar sem skoðaðar verði mögulegar leiðir til tekjuöflunar á svæðinu.

Gert er ráð fyrir að fyrsti áfangi sem felur í sér endurskoðun á fyrirbyggjandi þarfagreiningu hefjist strax og þeirri vinnu verði lokið 1. apríl 2024.



JÓHANN, ÓLAFÍA, BIRNA, REGÍNA, HALLA KAREN, SIF, ÁSGEIR, VALDIMAR OG ARNAR

Í öðrum áfanga sem einnig hefst strax er unnið að framtíðarsýn vegna íþróttaruppbyggingar í Mosfellsbæ og heildarsýn á uppbyggingu á Varmásvæðinu og er gert ráð fyrir að þeim áfangi verði lokið 1. október 2024.

Stýrihópurinn skipa: Bæjarfulltrúarnir Halla Karen Kristjánsdóttir og Valdimar Birgisson og Erla Edvardsdóttir til vara. Ásgeir Sveinsson og Jana Katrín Knútsdóttir til vara.

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri, Arnar Jónsson sviðsstjóri menningar-, íþróttar- og lýðheilsamála, Jóhanna B. Hansen sviðsstjóri umhverfisviðs auk íþróttafulltrúa fræðslu- og frístundasviðs. Fulltrúi Aftureldingar: Birna Kristín Jónsdóttir formaður og til vara Grétar Eggertsson framkvæmdastjóri. Verkefnisstjórar eru Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir skrifstofustjóri umbóta og þróunar og Sif Sturludóttir leiðtogi upp- lýsingastjórnunar.

## Tillaga að nýju deiliskipulagi athafnasvæðis í Flugumýri



Mosfellsbær auglýsir hér með tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir athafnasvæði Flugumýrar, skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Megin viðfangsefni deiliskipulagsins er að skilgreina heimildir fyrir núverandi byggð atvinnuhúsnæðis í Flugumýri svo sem byggingarreiti, byggingarheimildir, bílastæði, úrgangsmál, gróðurbelti, frágang lóða og mögulegar lóðastækkningar á lóðum í Flugumýri 6, 8, 18, 20, 30, 32, 34 og 36.

Deiliskipulagssvæðið er 7,2 ha og afmarkast af Skarhólabraut til suðurs, íbúðabyggð til vesturs, óskipulögðu landi í Lágafelli til norðurs og athafnasvæði Desjamýrar til austurs. Aðkoma að svæðinu er frá Skarhólabraut og um Aðaltún.

Samhliða er gerð tæknileg breyting á deiliskipulagi Desjamýrar þar sem deiliskipulagsmörk eru færð til og skipulagssvæði minnkað til samræmis við nýtt deiliskipulag Flugumýrar.

Tillagan er kynnt á vef Mosfellsbæjar, [mos.is/skipulagsauglysingar](https://mos.is/skipulagsauglysingar) og á vef Skipulagsstofnunar, [sskipulagsgatt.is](https://sskipulagsgatt.is)

Athugasemdir skulu berast með rafrænum hætti í gegnum skipulagsgáttina.

**Athugasemdafrestur er til og með 25. mars 2024**

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar

# Moldin er undirstaða alls

**M**oldin fæðir og klæðir jarðarbúa og hún miðlar jafnframt ferskvatni um vistkerfi. Skilningur á náttúrunni og hvernig hún bregst við álagi vegna athafna mannsins á jörðinni krefst þekkingar á moldinni.

Jarðvegur á Íslandi er einstakur á heimsvísu, frjór en viðkvæmur, því aðstæður fyrir þróun hans hérlendis eru afar sérstakar.

Ólafur Gestur Arnalds vísindamaður hefur verið málsvari moldarinnar um langt skeið, hann hefur afgerandi þekkingu og skilning á þessari dýrmætu auðlind. Ólafur hefur alla tíð helgað líf sitt fræðistörfum á sviði jarðvegs og vistkerfa og kennt ófáum háskólanemum allt um moldina og mikilvægi hennar.

Ólafur er fæddur í Reykjavík 5. janúar 1954. Foreldrar hans eru Ásdís Andrésdóttir Arnalds og Sigurður Arnalds, útgefendur.

Systkini Ólafs eru Sigurður f. 1947, Andrés f. 1948, Einar f. 1950 og samfedra Jón Laxdal f. 1935 og Ragnar f. 1938.

## Hrifu jafnvel barnið með sér

„Ég ólst upp í gamla Vesturbænum á Stýrimannastíg. Hverfið var frábært fyrir börn að alast upp, margir krakkar í hverfinu sem höfðu mikið frjálssræði. Flestir voru úti meginhluta dags utan skólatíma, örstutt niður í Slipp, út í Örfirsey eða niður í miðbæ.“

Ég á ansi fjölbreyttar æskuminningar, mikill gestagangur heima fyrir, faðirinn og margir gestkomandi voru frábærir sagnamenn sem hrifu jafnvel barnið með sér. Man hlástrasköllin um húsið en sögurnar gáfu mér um leið tilfinningu fyrir erfiðri lífsbaráttu landans á fyrri hluta 20. aldar.

Vinir okkar bræðra voru heimagangar og það var iðulega mannmargt á Stýró og margir urðu vinir til lífstíðar. Móðirin hélt þessu öllu saman af miklu umburðarlyndi og veitti stuðning þegar hans var þörf.“

## Merkileg flóra alpingismanna

„Ég gerðist þingsveinn á Alþingi þegar ég var 10 ára gamall og vann þar marga vetur. Þar kynntist ég merkilegri flóru alpingismanna um miðjan sjöunda áratuginn í miðju kalda stríðinu.“

Ég vann m.a. fyrir peningum til að kaupa útvarp og segulband til að hljóðrita tónlist úr Kanaútvarpinu enda þótti popptónlist óæðri músík, óáran sem myndi ganga fljótt yfir og var lítið spilið í útvarpi landsmanna.“

## Háseti á síðutogara

„Ég gekk í Miðbæjarbarnaskólann sem enn stendur við Tjörnina. Man marga frábæra kennara, góða vini og skemmtilega tíma.“

Á sumrin var ég í sveit nokkur sumur en einnig við ýmis sendlastörf. Ég byrjaði sem háseti á síðutogara 15 ára gamall og var til sjós fjögur sumur. Aflaði fjár til vetrarins, sem var nú ekki alltaf varið af skynsemi.“



Fjölskyldan: Ólafur, Ása, Arndís Ósk, Guðrún Ása, Ólafur Ari, Gísli, Guðmundur Ari og Ylfa.



Eftir Ruth Örnólfsdóttur  
**MOSFELLINGURIN**  
ruth@mosfellingur.is

segir Ólafur og brosir. „Síðar vann ég sem verkamaður við gerð brimvarnargarðs í Súgandafirði og eitt sumar sem fangavörður.“

Ég fór í Menntaskólann í Reykjavík eins og fimm bræður mínir á undan mér. Ég tók virkan þátt í leiklistarlífinu (Herranótt) þar sem var oft glatt á hjalla.“

## Ýmislegt brallað á Birkiteignum

Eiginkona Ólafs er Ása Lovísa Aradóttir prófessor í landgræðslufræðum við Landbúnaðarháskóla Íslands. Þau eiga tvö börn, Arndís Ósk f. 1979 sem er verkfræðingur að mennt og Guðmund Ara f. 1994 mannfræðing og tónlistarmann. Barnabörnin eru tvö.

„Það er ýmislegt brallað hérna á Birkiteignum þegar barnabörnin koma í heim sókn, málað, lesið og spilað. Við reynum einnig að eiga góðan sameiginlegan tíma á sumrin í orlofshúsum sem og í sumarhúsi stórfjölskyldunnar við Álftavatn í Grímsnesi. Við hjónin ferðumst þar fyrir utan mjög mikið, bæði vegna starfa okkar og í frítíma, innanlands sem utan.“

## Skíðaferðirnar stytta veturinn

„Við Ása höfum alltaf stundað útivist, áður fyrr voru lengri göngur með „allt á bakinu“ á dagskrá en nú eru göngurnar styttri. Gjarnan farið á tjaldsvæði við hálendisbrúna eftir því sem vindar blása.“

Við höfum farið í árlegar ferðir með félögum frá menntaskólaárunum í um 30 ár sem hafa verið mjög gefandi. Skíðaferðir til Ítalíu og víðar stytta veturinn og nú hafa vetrarferðir til heitari slóða í frí bæst við. Vera okkar í Bandaríkjunum telur sjö ár og þar höfum við ferðast mjög mikið.

Vinnan kemur okkur líka til framandi staða, m.a. til ýmissa landa Afríku.

Konan mín er listfengur málari en ég stunda töluvert myndatökur með dróna. Náttúra landsins er bæði innblástur í lífinu en einnig viðfangsefni í starfi okkar sem náttúrufræðingur.“

## Störfin hafa verið fjölbreytt

Störf Ólafs, bæði á meðan hann stundaði háskólanám og síðar, hafa tengst jarðvegi, landnýtingu, ástandi vistkerfa, landgræðslu o.fl. Hann hóf sumarstörf við beitarrannsóknir við Rannsóknarstofnun landbúnaðarins (RALA) sumarið 1976 og hefur starfað þar allar götur síðan, fyrst meðfram námi en síðar sem sérfræðingur og sviðsstjóri eftir að háskólanámi lauk.

» Það eru forréttindi þegar atvinna og áhugamál hafa farið saman eins í mínu tilfalli.

„Ég varð prófessor eftir að RALA sameinaðist Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri með stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands. Störfin hafa verið fjölbreytt og hafa meðal annars beinst að sérstökum eiginleikum moldar á eldfjallasvæðum jarðar í samvinnu við evrópska kollega, að rannsóknum á eiginleikum sem og flokkun íslensk jarðvegs, en einnig að sandfoki og ryki á Íslandi, ástandi lands og vistheimt.“

Í upphafi stýrði ég kortlagningu á jarðvegsrofi á landinu öllu en síðar þróun gagnagrunns um landgerðir og bújarðir á Íslandi með verkefninu Nyttjaland, auk rannsókna á moldinni. Ég hef átt marga frábæra samstarfsmenn og nemendur í gegnum tíðina.“

## Mold ert þú

Störf Ólafs hafa jafnframt falið í sér

## HIN HLIÐIN

### Hvað hefur haft mest áhrif á líf þitt?

Að kynna eigin konunni og fæðingar barna okkar.

### Eftirminnilegasta ferðalagið?

Mörg afar eftirminnileg ferðalög. Gönguferðir vítt um landið. Þvælingur um Eþíópíu og Azoreyjar.

### Hvað keyptir þú síðast fyrir heimilið?

Eldhúsvog.

### Draumaborgin?

Gamlar evrópskar borgir á suðrænum slóðum en einnig Bozeman, Montana.

### Hvað myndi ævisaga þín heita?

Mold og sandur.

### Fallegasti staður á landinu?

Torfajökulsakjan.

### Áttu eitthvert gælunafn?

Nei, ef nafnið „Óli“ er frátalið.

### Besta ráð sem þú hefur nýtt þér?

Halda ótrauður áfram veginn þótt móti blási.



VIÐ ÚTGÁFU BÓKARINNAR MOLD ERT ÞÚ



DOKTORSVÖRN

BRÆÐURNIR ÓLAFUR OG EINAR

kennslu og skriftir, m.a. á vísindagreinum og bókum en sl. vor kom út bók eftir hann, Mold ert þú - jarðvegur og íslensk náttúra, sem var búin að vera lengi í smíðum.

Mold ert þú er efnismikil og glæsileg bók þar sem fjallað er um jarðveg og umhverfismál frá mörgum hliðum. Hún skiptist í þrjá meginhluta, grunnþætti jarðvegsfræðinnar, íslenska mold og umhverfið. Þetta er fróðleg bók fyrir alla sem hafa áhuga á náttúrufræði.

Bókin er prýdd miklum fjölda ljós- og skýringarmynda sem unnar voru af Fífu Jónsdóttur.

## Tónlistin ofarlega á blaði

Ólafur hlaut Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 1998 fyrir kortlagningu á jarðvegsrofi á Íslandi. Eins var honum, eiginkonu hans og Andrési Arnalds veitt umhverfisviðurkenning umhverfisnefndar Mosfellsbæjar árið 2016 fyrir störf að umhverfismálum. Ólafur hlaut landgræðsluverðlaun Landgræðslu ríkisins árið 2018.

Ólafur lauk formlega störfum í janúar síðastliðnum, ég spyr hann að lokum hvað taki nú við? „Aðeins rólegri dagar,“ segir Ólafur og brosir en náttúra, útivist og samvera með fjölskyldu er efst á blaði. „Að ferðast, kynna náttúrunni, sögu og menningu, það eru forréttindi þegar atvinna og áhugamál hafa farið saman eins og í mínu tilfalli. Mosfellsbær er hreint magnaður bær þegar kemur að útivistinni.“

Tónlistin er líka alltaf ofarlega á blaði, það er gaman að pikka upp lög og gítarsóll sem kemur í veg fyrir liðagigt og eflir andann á ýmsa lund.“



ALLTAF GOTT VEDUR  
**KEILA**  
**SHAKE**  
**PINN**

**PÍLUKAST**  
**BOLTI**

**KAREOKE**  
**AÉMÆ**



BÓKAÐU BRAUT EÐA FÁÐU TILBOÐ FYRIR HÓPA  
Á [KEILUHOLLIN@KEILUHOLLIN.IS](mailto:KEILUHOLLIN@KEILUHOLLIN.IS)

*Keiluhöllin*

[keiluhollin.is](http://keiluhollin.is)

shake & pizza

[shakepizza.is](http://shakepizza.is)



## Öldungamót í blaki haldið 9.-11. maí

Dagana 9.-11. maí fer fram öldungamót Blaksambands Íslands og er þetta í fjórða sinn frá því að Blakdeild Aftureldingar var stofnuð sem mótið er haldið í Mosfellsbæ og hafa öll mótin borið nafnið Mosöld. Þrátt fyrir að vera öldungamót þá þarf einungis að vera þrítugur á árinu til að geta tekið þátt en mótið sækir fólk allt að áttæðu og kemur alls staðar af landinu. Búast má við um 1.500 gestum í tengslum við mótið og verður því mikið um mannaferðir í bænum okkar en íþróttamannvirkni að Varmá verða fullnýtt undir blakvelli því settir verða upp 10 blakvöllir í Fellinu, fyrir utan þá níu sem eru fyrir að Varmá. Þema mótsins er „Gleðipema“. Vonast Blakdeild Aftureldingar, sem hefur veg og vanda af þessu risamóti, til þess að fyrirtæki og þjónustuaðilar í Mosfellsbæ taki vel á móti þeim gestum sem sækja bæinn heim þessa daga en ljóst er að mörg af liðunum munu gista í bænum og leigja af bæjarbúum húsnæði ásamt því að sækja veitingastaði og þá þjónustu sem í boði er í bænum.

## Aron Jónsson í Aftureldingu

Afturelding hefur fengið varnarmanninn Aron Jónsson í sínar raðir frá norska félaginu Brann fyrir átökin í Lengjudeildinni í fótbolta í sumar. Aron er 19 ára en hann hefur búið í Noregi síðan hann var sex ára. Aron á tvo leiki að baki með U19 ára landsliði Íslands. Undirbúningur fyrir sumarið er í fullum gangi og Afturelding hefur í byrjun árs spilað leiki við fjögur lið í Bestu deildinni. Afturelding vann HK og KA á útivelli en tapaði gegn FH og Vestra. Í febrúar og mars heldur síðan Lengjubíkarinn áfram á fullum krafti en næsti heimaleikur er gegn Leikni R. föstudaginn 23. febrúar.



MAGNÚS MÁR ÞJÁLFARI ÁRSINS



BIRNA KRISTÍN SJÁLFBÓÐALIÐI ÁRSINS

Magnús Már valinn þjálfari ársins 2023 • Formaður Aftureldingar er sjálfbóðaliði ársins

# Íþróttafólk ársins heiðrað

Íþróttafólk Mosfellsbæjar var heiðrað við hátíðlega athöfn í Hlégarði 11. janúar.

Tilnefningarnar voru 21 og eins og áður gafst bæjarbúum kostur á, ásamt íþrótt- og tólmstundanevnd, að kjósa úr hópi tilnefndra íþróttafólks ársins 2023.

Á sama tíma voru þjálfari, lið og sjálfbóðaliði ársins heiðruð.

### Íþróttafólk ársins í Mosfellsbæ 2023 er:

Hafrún Rakel Halldórsdóttir knattspyrnukona úr Breiðablik og Þorsteinn Leó Gunnarsson handknattleiksmaður í meistaraflokki karla í Aftureldingu.

**Afrekслиð Mosfellsbæjar:** Meistaraflokkur karla í handbolta úr ungmennafélaginu Aftureldingu.

**Þjálfari ársins:** Magnús Már Einarsson þjálfari meistaraflokks karla í knattspyrnu.

**Sjálfbóðaliði ársins:** Birna Kristín Jónsdóttir formaður Aftureldingar.



MEISTARAFLOKKUR KARLA Í HANDBOLTA LIÐ ÁRSINS



SAMIÐ TIL NÆSTU TVEGGJA ÁRA

## Fimm efnilegir leikmenn semja

Á dögum skrifuðu fimm efnilegir leikmenn úr 2. flokki í fótbolta undir sinn fyrsta samning við Aftureldingu en þeir sömdu allir til næstu tveggja ára.

Um er að ræða leikmenn fædda 2005 og 2006 en auk þess að vera í lykhillutverki í 2. flokki Aftureldingar þá hafa þeir allir komið við sögu með meistaraflokki á undirbúningstímabilinu í vetur.

Leikmennirnir eru í stafrófsröð: Arnar Máni Andersen, Enes Þór Enesson Cogic, Júlíus Valdimar Guðjónsson, Rikharður Smári Gröndal, Trausti Þráinsson.

## Nýir liðsmenn Aftureldingar • Rótarýklúbburinn leggur lið

# Frá Malaví til Mosó

Frá áramótum hafa tveir 18 ára drengir frá Malaví æft með Aftureldingu. Þeir hafa einnig spilað æfingaleiki með Aftureldingu og Hvíta riddaranum. Verið er að sækja um dvalarleyfi til að þeir verði löglegir í mótsleikjum.

Forsagan er sú að þeir komu með U16 ára liði frá Ascent Soccer akademíunni í Malaví til Íslands síðasta sumar. Meðan yngri strákarirnir spiluðu á Rey Cup æfðu þeir Levi og Precious með liðum á Íslandi, þar á meðal Aftureldingu.

Ascent Soccer akademían hefur um árabil aðstoðað nemendur sína við að komast á háskólalstyrk til Bandaríkjanna en hefur haft það að markmiði að opna leiðir fyrir knattspyrnufólkið sitt til að vekja athygli á sér í Evrópu.

### Vilja lengja dvöl drengjanna

Það varð úr að hafin var söfnun til að fjármagna ferð og veru þeirra hingað í Mosfellsbæ. Eins og staðan er núna er búið að tryggja veru þeirra fram eftir vori, en unnið er að því að lengja tímenn. Strákarnir búa á heimili í Mosfellsbæ og líkar lífið ljómandi vel þótt þeim þyki helst til kalt. Þeir hafa aðstoðað á æfingum yngri flokka hjá Aftureldingu og haldið kynningar á Malaví í skólunum í bænum.

Enn er stuðningshópur um veru þeirra hér með alla anga úti að afla fjárr til að lengja dvölinu.

Myndin er tekin á dögum þegar Hafsteinn og Óskar frá Rótarý komu færandi hendi með styrk við verkefnið.



FULLTRÚAR RÓTARÝKLÚBBS MOSFELLSVEIRA MÆTTIR Á ÆFINGU

# Meistaraflokkur kvenna í blaki



Komnar í undanúrslit í Kjörísbikarnum  
Digranes 15. febrúar kl. 19:30



BLAKSAMBAND  
ÍSLANDS

Komum og hvetjum stelpurnar  
Litum stúkuna rauða



## Styrkir til efnilegra ungmenna 2024

Íþrótt- og tómstundanevnd Mosfellsbæjar auglýsir eftir umsóknum vegna úthlutunar styrkja til efnilegra ungmenna sem leggja stund á íþróttir, tómstundir eða listir yfir sumartímann.

Öll ungmenni á aldrinum 16–20 ára, (f. 2004, 2005, 2006, 2007) með lögheimili í Mosfellsbæ, sem skara fram úr og/eða hafa sýnt sérstaka hæfileika á sínu sviði geta sótt um styrkinn.

Markmið styrksins er meðal annars að gefa einstaklingum sömu tækifæri og jafnöldrum þeirra til að njóta launa frá bænum á sama tíma og þau stunda list sína, íþrótt eða tómstund yfir sumartímann.

Styrkurinn er fólgin í launum frá Mosfellsbæ og greitt í samræmi við önnur sumarstörf hjá Mosfellsbæ.

**Skilafrestur umsókna er til og með 1. mars 2024.  
Sótt er um rafrænt á íbúagátt Mosfellsbæjar.**

Athygli er vakin á að unglíngum á aldrinum 13–15 ára (f. 2008, 2009 og 2010) sem taka þátt í til dæmis landsliðsverkefnum og/eða verkefnum fyrir félag/félagasamtök á vinnutíma vinnuskóla verður gefinn sá möguleiki að sækja formlega um leyfi á launum á þeim tíma sem að verkefnið varir. Skilyrði er að viðkomandi verði skráður í vinnu í Vinnuskóla Mosfellsbæjar og skili þar lágmarks vinnuframlagi.

Íþrótt- og tómstundanevnd Mosfellsbæjar

Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700



# VEISLUPJÓNUSTA MANDI

TILVALIN FYRIR  
ÖLL TÍLFNI !

SKÍRNARVEISLUR  
BRÚÐKAUP, AFMÆLI  
FERMINGARVEISLUR  
STARFSMANNAHITTINGAR

VIÐ SENDUM HEIM !

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á  
MANDI.IS

VEFJUR  
MÁLTÍÐIR  
SALÖT  
HUMMUS  
FALAFEL  
HAMBORGARAR



*Mandi*



INGÓLFSTORG, SKEIFAN, HÆÐASMÁRI, KRINGLAN

# SVONA VAR ÁRIÐ 1986


LANDSLIÐ ÍSLANDS Í HANDBOLTA  
VARÐ Í SJÖTTA SÆTI Á  
HEIMSMEISTARAMÓTI Í SVISS  
OG KOMST ÞAR MEÐ Á ÓLYMPIULEIKANA  
ÁRIÐ 1988.

**7. MARS**



ÍSLAND TÓK ÞÁTT Í EUROVISION  
Í FYRSTA SKIPTI MEÐ LAGINU  
„GLEÐIBANKINN“ SEM  
HLJÓMSVEITIN ICY.

**3. MAÍ**



ÚTVARSPSTÖÐIN BYLGJAN HÓF  
ÚTSENDINGAR Á ÍSLANDI, FYRSTA  
STÖÐIN EFTIR AÐ EINKARÉTTUR  
RÍKISÚTVARPSSINS VAR AFNUMINN.

**28. ÁGÚST**



**14. APRÍL**

FYRSTI MATSÖLUSTAÐUR  
HLÖLLABÁTA VAR  
OPNAÐUR Í  
REYKJAVÍK.

**22. JÚNÍ**

Í LEIK GEGN ENGLANDI Á  
HEIMSMEISTARAMÓTI LANDSLIÐA  
Í KNATTSPYRNU KARLA SKORAÐI  
DIEGO MARADONA MARK  
MEÐ HENDI („HÖND GUÐS“)  
OG SíÐAN ANNÆÐ MEÐ ÞVI  
AÐ REKJA BOLTANN.



**HINN EINI SANNI**

**HÁDEGISTILBOÐ  
BÁTUR OG GOS**

FRÁ KL. 11.00 – 14:00 ALLA DAGA



**KVÖLDTVENNA  
2 BÁTAR  
+ 2 GOS + 2 SÚKKULAÐI**

FRÁ KL. 17.00 ALLA DAGA



HAGASMÁRA | BÚSTAÐAVEGI | SMÁRALIND | BÍLDSHÖFÐA



## Vetrarhátíð í Mosfellsbæ

Vetrarhátíð var haldin með pomp og prakt í öllum sex sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins 1.-3. febrúar.

Þessi hátíð ljóss og myrkurs samanstendur af þremur meginstöðum: Sundlauganótt, Safnanótt og ljóslistaverkum.

Gleðin ríkti í Lágafellslaug á Sundlauganótt sem fór fram í prýðisveðri fimmtudaginn 1. febrúar. Tæplega 400 gestir nutu stórskemmtilegrar dagskrár.

Blaðrarinn gladdi börn með blöðrum, Íþróttálfurinn, Solla stírða og Halla hrekkjusvín kíktu í heimsókn og plötnuðurinn DJ Baldur hélt uppi stuðinu. Wipeout-brautin sívinsæla var á sínum stað og hressir krakkar tóku þátt í Aqua Zumba í útilauginni. Að lokinni vel heppnaðri sundferð voru börn leyst út með ís.

Í bókasafni Mosfellsbæjar ríkti nota- leg stemning á Safnanótt föstudaginn 2. febrúar. Spilavinir mættu með fangið fullt af spennandi spilum og buðu upp á spilastund fyrir fjölskylduna. Í Fiskabúrinu kenndi Hera Sigurðardóttir áhugasömum að hnýta lauf með Macramé hnútaaðferðinni. Bæði börn og fullorðnir skemmtu sér vel við hnýtingarnar.

Í Listasal Mosfellsbæjar er síðasti sýningardagur sýningar listmálarans Jakobs Veigars Sigurðssonar „I think, therefore I am fucked“. Titillinn er að sögn Jakobs afbökun á orðum franska heimspekingsins René Descartes „Cogito, ergo sum“ eða „ég hugsa, þess vegna er ég til“.

Til að lýsa upp skammdegið var Álafoss sveipaður fjólubláum bjarma alla daga



# Álagning fasteignagjalda 2024

Álagningarseðlar fasteignagjalda eru birtir rafrænt á [island.is](http://island.is) og íbúagátt Mosfellsbæjar, [ibuagatt.mos.is](http://ibuagatt.mos.is).

Fasteignagjöld skiptast á tíu gjalddaga frá 1. febrúar til 1. nóvember. Eindagi fasteignagjalda er þrjátíu dögum eftir gjalddaga og fellur allur skattur ársins í gjalddaga við vanskil. Sé heildar fjárhæð fasteignagjalda fyrir árið 2024 undir kr. 40.000 er einn gjalddagi þann 1. febrúar.

**Fasteignagjöld má greiða í banka, netbanka eða með boðgreiðslum á greiðslukort.**

Afsláttur til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega er reiknaður sjálfkrafa í samvinnu við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Ríkisskattstjóra. Það þarf því ekki að sækja um afsláttinn sérstaklega. Reglur og skilyrði afsláttar má sjá á [mos.is/fasteignagjold](http://mos.is/fasteignagjold).

Þjónustuver Mosfellsbæjar veitir nánari upplýsingar.

Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700

D

# AÐALFUNDUR 2024

## ÞRIÐJUDAGINN 13. FEBRÚAR

### Ágæta sjálfstæðisfólk

Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna og sjálfstæðisfélögin í Mosfellsbæ halda aðalfundi sína þriðjudaginn 13. febrúar í félagsheimili sjálfstæðismanna í Kjarnanum

1. Aðalfundur Viljans kl. 19:00
2. Aðalfundur Sjálfstæðisfélagsins kl. 19:30
3. Aðalfundur Fulltrúaráðsins kl. 20:00

### Dagskrá fundanna

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

*Gestur fundanna verður Ásgeir Sveinsson oddviti Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn, sem segir okkur frá stöðunni í bæjarmálunum*

### Félagar eru hvattir til að fjölmenna

Ragnar Bjarni Zoëga Hreiðarsson formaður Viljans  
Björn Hákonarson formaður Sjálfstæðisfélagsins  
Páll Örn Líndal formaður fulltrúaráðsins



SYSTURNAR SIGNÝ OG GUNNA



ARNÝ, LEXI OG FORELDRAR



HRISBRÚARGENGIÐ



FÓLKIÐ Á HRAÐASTÖÐUM



LEXI OG TÓTI

Íbúar í Mosfellsdal ásamt gestum blótuðu þorrann í Harðarbóli 2. febrúar

# ÞORRABLÓT DALBÚA

Svipmyndir frá glæsilegu þorrablóti Dalbúa þar sem gleðin var við völd. Myndirnar tók Björn á Bókfelli.



DANSAÐ FRAM Á RAUÐA NÓTT



BLEK OG BYTTUR ÁSAMT SIGRÚNU Á BÓKFELLI, FORMANNI ÞORRABLÓTSNEFNDARINNAR

# Sigurbjörg

sigurbjorg@sigurbjorg.net | sigurbjorg.net

888-1250  

## OPIÐ Í ÞVERHOLTÍ 5


12-17 mánudaga-föstudaga

Afsláttur af Baby merino, Merino extra fine og Karisma út febrúar

Anna Kristín

LJÓSMYNDUN  
7729200

Það er alltaf rétti tíminn til að taka myndir.



Velkomið að hafa samband og ég finn rétta tímann fyrir ykkur

[www.aksljosmyndun.com](http://www.aksljosmyndun.com)


Karlahórin Stefnir & Gamli Fóstbrædur



Tónleikar í Hlégarði  
fimmtudaginn 22. febrúar kl. 20:00

Aðgangur ókeypis meðan húsrúm leyfir

## ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA



SteinTeppi.is

Gólfefna lausnir fyrir heimili og fyrirtæki

Leirvogstunga 27, 270 Mosfellsbæ, sími: 864 6600

# AFLTAK EHF.

S: 660 0770 - www.aftak.is

# FJLS

HJÁLMAR GUÐMUNDSSON  
LÖGGILDUR HÚSAMÍÐAMEISTARI  
S: 6959922  
FHSVERK@GMAIL.COM



B. Markan ehf.  
Pípulagnir

660 6690

www.bmarkan.is



www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.  
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,  
smurbjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

## FÓTAÆÐGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR

Þverholti 3 - Sími: 566-6612



Fasteignagjöld Akurholts 1, Mos.	2022			2023			2024		
	Álagning	Stofn	Skattprós.	Álagning	Stofn	Skattprós.	Álagning	Stofn	Skattprós.
Fasteignaskatur A	159.660	104.200	0,195%	203.190	114.890	0,190%	218.291	114.890	0,190%
Lóðarleiga	49.138	20.400	0,310%	63.240	18.800	0,310%	58.280	18.800	0,310%
Fráveitugjald	74.718	105.200	0,089%	93.628	114.850	0,089%	102.217	114.850	0,089%
Vatnsgjald	55.055	104.200	0,065%	67.730	114.850	0,065%	74.653	114.850	0,065%
Bland. úrgangur, tvískipt tunna 240	49.000			56.980			44.492		
Pappatunna 240l	0			0			6.692		
Plasttunna 240l	0			0			6.986		
Rekstur grendar- og söfnunarstöðva	0			0			22.729		
Samtals	387.571			484.768			534.339		
									Hækkun fasteignagjalda á tveimur árum 37,9%

## Fasteignagjöld í Mosfellsbæ hækka um 38%

Hér að ofan birti ég yfirlit yfir fasteignagjaldaálagningu Mosfellsbæjar á heimili mitt að Akurholts 1 í Mosfellsbæ fyrir árin 2022-2024.

Taflan sýnir að á síðustu tveimur árum hafa fasteignagjöldin hækkað um 37,9%. Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 17,3% og launavísitalan um 15,7%. Hækkun fasteignagjalda í Mosfellsbæ á umræddu tímabili er því langt umfram hækkun almenns verðlags og hækkun launa.

Bæjarfulltrúar Framsóknar, Samfylkingar og Viðreisnar rituðu grein í Mosfelling í nóvember 2023 þar sem þeir segja að í málefnaþingningi meirihluta bæjarstjórnar Mosfellsbæjar sé „kveð-



id á um að álagningarprósents fasteignagjalda verði lækkaðar til að koma til móts við hækkun fasteignamats og í fyrirliggjandi fjárhagsáætlun er staðið við það markmið meirihlutans“.

Eftir yfirferð á álagningu fasteignagjalda á heimili mitt síðustu tvö árin á ég erfitt með að skilja hvernig bæjarfulltrúar Framsóknar, Samfylkingar og Viðreisnar telja sig hafa lækkað álögur á heimilin í Mosfellsbæ, en í millifyrirsögn í umræddri grein þeirra í Mosfellsþóstinum stendur: „Lækkum álögur á heimilin“.

Hákon Björnsson

## Fjölbreytt og faglegt starf í frístundaheimilum Mosfellsbæjar

Frístundaheimilin í Mosfellsbæ bjóða upp á fjölbreytt og faglegt starf fyrir börn á aldrinum 6-9 ára.

Frístundaheimilin halda úti starfsemi þegar skólavist er lokið á daginn en einnig eru frístundaheimili opin þegar skólar eru lokaðir í jólafrí, vetrarfrí og páskafrí.

Í frístund er boðið upp á fjölbreytta affreyningu eins og klúbbastarf og val þar sem reynt er að höfða til sem flestra. Í klúbbastarfinu fá börn að skrá sig í þá klúbba sem þau hafa áhuga á en dæmi um klúbba sem eru í boði eru smíðaklúbbur, pok-



emon-klúbbur, fótbolta-klúbbur, yogaklúbbur, leiklistarklúbbur og söngklúbbur.

Forstöðumenn og aðstoðarforstöðumenn sjá um að skipuleggja starfið frá degi til dags með það markmið að efla samskipti og félagsfærni í gegnum leik hjá börnum. Frístundaheimilin í Mosfellsbæ vinna náið saman og eru mjög samstíga þegar kemur að því að skipuleggja og þróa starfið og er markmiðið ávallt að stuðla að jákvæðu og faglegu starfi.

Stjórnendur frístundaheimila í Mosfellsbæ

## Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ og samstarf við Grænland

Við erum tveir kennarar við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ og undir lok síðasta mánaðar héldum við í nokkurra daga ferðalag til Nuuk á Grænlandi.

Tilgangur ferðalagsins var að kanna möguleikann á samstarfi við grænlandskan framhaldsskóla með þau markmið að leiðarljósi að skapa vettvang fyrir bæði okkar nemendur og grænlandskan nemendur til að kynna sögu landanna, menningu þeirra og náttúru og að sjálfsögðu hvert öðru í gegnum samstarf á netinu og vettvangsferðir. Þetta ferðalag okkar var styrkt af Nordplus Junior sem veitir styrki til þróunarverkefna skóla.

Íslendingar og Grænlandingar eru nágrennaþjóðir og aukinn áhugi er á nánara samstarfi þeirra á milli eins og viljayfirlýsing forsætisráðherra Íslands, Katrínar Jakobsdóttur, og formanns landsstjórnar Grænlands, Múte B. Egede, frá desember 2022 ber með sér. Í yfirlýsingunni eru tilgreind sjö málefnaþing sem sérstök áhersla verður lögð á og eru menntun og menningarsamstarf þar á meðal. Við í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ höfum mikinn áhuga á að leggja okkar af mörkum í þessu aukna samstarfi enda mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að kynna og mynda dýrmæt tengst.

Í heimsókn okkar til Nuuk hittum við meðal annars kennara og stjórnendur í tveimur menntastofnunum, ræðismann Íslands á Græn-



landi, skoðuðum Þjóðminjasafn Grænlands og undirbyggjum næstu skref í samstarfsverkefninu.

Heimsóknin til Nuuk var afar lærdómsrík og það var sönn ánægja að hitta grænlandsku nágrenna okkar og finna gestrisni þeirra og hvað við eigum margt sameiginlegt. Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs sem mun vonandi gera okkur kleift að bjóða upp á Grænlands- og Íslandsáfangasta styrktan af Nordplus Junior þar sem nemendur fá að fræðast um og ferðast til Grænlands með okkur í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ.

Dóra Þorleifsdóttir, dönskukennari og Halldór Björgvin Emmuson Ívarsson, sögukennari





## Stefnir býður á tónleika

Kæru Mosfellingar, nærsveitungar og vildarvinir Karla-kórsins Stefni í gegn um árin.

Það gildi um Karla-kórinn Stefni í Mosfellsbæ, eins og um flesta aðra menningar- og félagsstarfsemi að starf kórsins lagðist mikið niður meðan faraldur Covid19 gekk yfir. En lengi lifir í gömlum glæðum eins og oft er sagt og nú er gamli Stefni að ranka við sér úr dvalanum.

Það er nýjast að fréttu af okkur að stjórnandi okkar til sex ára, hún Sigrún Þorgeirsdóttir, lagði land undir fót og haustið 2022 tók við stjórninni maður nefndur Keith Reed. Hann flutti fyrst til Íslands árið 1989 eftir að hafa lokið meistaranámi í tónlist frá Indiana University og hér hefur hann kennt söng við marga virtustu tónlistarskóla landsins og stjórnað ýmsum karla- og kvennakörum á höfuðborgarsvæðinu.

Félagar í Stefni eru nú á milli 25 og 30 og við erum að rífa félagsstarfið af stað eftir doða faraldursáranna. Við æfum einu sinni í viku, á þriðjudögum milli kl. 19:00 og 21:30, og undanfarin ár höfum við fengið inni í Harðarabóli. Að auki höfum við verið með eina eða tvær laugardagsæfingar á önn og svo höfum við komið saman í æfingabúðum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins yfir eina helgi. Að þessu sinni stefnum við

á helgina 8.-10. mars og höfum við fengið inni í Hlíðardalsskóla í Ölfusi. Við tökum fagnandi við nýjum (og gömlum) söngmönnum í allar raddir, þó einkum í fyrsta tenór og annan bassa!

Fyrir nokkrum árum, og fyrir Covid19, tökum við upp þá nýbreytni að halda tónleika á þorranum, lyfta aðeins andanum með hækandi sól. Þann 22. febrúar ætlum við að bjóða upp á tónleika á svipuðum nóttum og við vorum með fyrir faraldurinn.

Eldri félagar úr Karla-kór Fóstbræðra ætla að heimsækja okkur og taka þátt í viðburðinum. Tónleikarnir verða í Hlégarði þar sem við ætlum að prufukeyra þennan gamla tónleikastað okkar eftir gagngerar breytingar á honum. Að þessu sinni verðum við á fimmtudagskvöldi og þeir sem muna eftir sjónvarpslausum fimmtudögum fá tækifæri til að rífa upp stemmingu þeirra tíma. Í vetur erum við að vinna að fjölbreyttri dagskrá eins og Stefni er lagið. Okkar ástsæli Vilhjálmur Vilhjálmsson fær sinn sess, m.a. í fallegu lagi sem ekki heyrðist oft með honum, „Þú verður alltaf stúlkan mín“. Einnig munu eldri og yngri söngperlur hljóma, lög sem margir þekja. Sjón, og þó einkum heyrn, verður vonandi sögu ríkari.

# Menning í mars



Menning í mars er verkefni á vegum Mosfellsbæjar sem hefur það að markmiði að efla menningarstarf í bænum, gera það sýnilegra og hjálpa þeim sem að því standa að kynna sig.

Mosfellingar sem hafa áhuga á að bjóða upp á menningarviðburð í mars eru hvattir að skrá viðburðinn á [mos.is](http://mos.is)

Mosfellsbær [www.mos.is](http://www.mos.is) 525 6700

## FEBRÚAR 2024

### 8. - 10. BEKKUR

MÁNUDAGUR  
VARMÁBÓL

ÞRIÐJUDAGUR  
HELGÓ & LÁGÓBÓL

MÍÐVIKUDAGUR  
VARMÁBÓL

FIMMTUDAGUR  
HELGÓ & LÁGÓBÓL

FÖSTUDAGUR

MÁNUDAGUR VARMÁBÓL	ÞRIÐJUDAGUR HELGÓ & LÁGÓBÓL	MÍÐVIKUDAGUR VARMÁBÓL	FIMMTUDAGUR HELGÓ & LÁGÓBÓL	FÖSTUDAGUR
	<b>V E K A 6</b>		1 Kósýkvöld	2 Helgó & Lágóból
5 Tabúbox <i>Hvað langar þig að vita?</i>	6  sex education	7 Trúnó <i>með Ísaki, Jassa &amp; Önnu</i>	8 Kjaftað um kynlíf <i>með Emmu og Eið</i>	9 Varmából Bólkvöld fyrir 8.bekk
12 Bolludagur Bollu-skreytingar	13 Sprengidagur Spilakvöld	14 Öskudagur Brandara & búningakvöld	15 <b>Valentínusarball</b>	16 Helgó & Lágóból BólQuiz
19 <b>VETRARFRÉ</b> MÓTARÖÐ BÓLSINS	20	21 Popp & mynd	22	23 Varmából Nammikvöld
26 Opið hús	27	28 Kakó & kósý	29 Opið hús	



## POLINMÆÐI OG ÞRAUTSEIGJA


Febrúar er hressandi mánuður. Það er svalt, það er stormasamt, það er allra veðra von. En febrúar er líka stysti mánuður ársins, líka þegar það er hlaupár eins og í ár. Ég er að verða mikill febrúarmaður. Hef gaman af því að vakna á morgnana og kíkja út um gluggann til að taka þúlsinn á veðrinu og færðinni.

Of kemur febrúar á óvart en hann á það líka til að detta í samfleytt skeið af eins veðri. Hann virðist vera þannig stemmdur núna, alvöru frost í kortunum eins langt og spár ná. Það þýðir að við eigum eftir að fá marga fallega sólardaga og þá er upplagt að nýta til þess að skella sér í léttar fella- eða fjallgöngur.

Við hjónin fórum á Mosfellið í gær. Sólin skein á hvítan snjóinn allt í kringum okkur, útsýnið var magnað, þetta var eins og að standa inni í póstkorti. Það var vissulega kalt, en við vorum vel klædd og fundum lítið fyrir kuldanum. Þegar mér verður aðeins kalt þessa dagana verður mér strax hugsað til La sociedad de nieve (Snjósamfélagið), bíómyndar sem yngsti sonur okkar kynnti okkur fyrir. Frábær mynd frá 2023 um atburð sem gerðist árið 1972. Þolinmæði, þrautseigja og sterkur lífsvilji eru lykilatriði í myndinni og eftir að hafa horft á hana og sett sig í spor þeirra sem þar er sagt frá, er erfitt að detta í að hlý fót í upphituðu húsi á Íslandi.

Febrúar 2024 er líka sérstakur fyrir mig persónulega. Ég er að breyta til í vinnu. Legg á hilluna nokkur verkefni sem ég hef verið að fást við í mörg ár og stíg núna í febrúar inn í nýtt hlutverk sem mér finnst alveg ótrúlega spennandi og áhugavert. Óska ykkur öllum gleðilegs febrúar, njótum hans í botn!

Guðjón Svansson  
gudjon@kettlebells.is



# Er Mosfellsbær að stuðla að betri heilsu bæjarbúa?

Góð heilsa er eitt af því dýrætasta sem við eigum eða eins og spakmælið segir „Góð heilsa er gulli betri“.

Við berum mikla ábyrgð á eigin heilsu en það er ýmislegt í umhverfinu okkar sem getur ýtt undir að við verðum duglegri að leggja inn í heilsubankann. Það sem skiptir sköpum í því eru foreldrar, vinir, skólasamfélagið allt, íþrótt- og tólmstundafélög og aðrir sem bjóða upp á almenna heilsurækt hvort sem hún er andleg, líkamleg eða félagsleg. Sveitarfélagið sjálft hefur líka mikil áhrif með því að hafa gott aðgengi að íþróttamannvirkjum, útivistarsvæðum, sundlaugum, göngu- og hjólréiðastígum, bjóða upp á fræðslu, hvatningu og leggja áherslu á það sem eykur heilsu og vellíðan íbúa.

Mosfellsbær er Heilsuefandi samfélag. Það þýðir að við leitumst við að allar ákvarðanir séu teknar með lýðheilsusjónarmiði í huga.

## Ákvarðanir sem stuðla að aukinni lýðheilsu

Í kjölfar stjórnsýsluúttektar hjá Mosfellsbæ sem var framkvæmd á síðasta ári var ákveðið að leggja enn meiri áherslu á menningu, íþróttir og lýðheilsu með því að búa til nýtt svið sem vinnur sérstaklega að þessum mikilvægu málum.

Við erum íþrótt- og lýðheilsuþæ. Við erum með þrjár íþróttamiðstöðvar sem iða af lífi alla daga vikunnar. Við rekum tvær sundlaugar sem eru opnar frá morgni til

kvölds. Opnunartíminn hefur verið lengdur um 30 mín alla virka daga og það er ókeypis fyrir börn undir 15 ára og 67 ára og eldri.

Mosfellsbær býður upp á frístundaávisanir fyrir börn og eldra fólk. Fjárhæðir hafa verið hækkaðar og reglum breytt þannig að hægt er að nota ávisanirnar í styttri námskeið eða yfir sumartímann.

Nýlega var gerður samningur við Sporið um að leggja skídagöngubrautir hér víðsvegar um bæinn sem hafa notið mikilla vinsælda. Þetta framtak stuðlar að útiveru og hreysti fyrir alla aldurshópa.

Íþróttasvæðið okkar að Varmá er mjög dýrætt og mikilvægt að um það gildi skýr framtíðarsýn. Þess vegna hefur stýrihópur sem á að endurskoða framtíðarsýn fyrir svæðið hafið störf. Hlutverk hópsins er að kortleggja íþróttasvæðið að Varmá með tilliti til skipulagslegra þátta og þarfagreiningar vegna uppbyggingar til næstu 15 ára.

Fyrsti áfanginn, sem ljúka á 1. apríl, er endurskoðun þarfagreiningar vegna þjónustubyggingar og hópurinn mun að sjálfsögðu nýta þau gögn sem þegar hafa verið unnin. Seinni áfanginn er þá framtíðarsýn fyrir uppbyggingu íþróttastöðu í Mosfellsbæ og heildarsýn yfir uppbyggingu á Varmársvæðinu. Ég vænti mikils af starfi þessa hóps enda um mjög mikilvægt lýðheilsuverkefni að ræða sem skiptir fólk á öllum aldri hér í Mosfellsbæ máli.

Félag eldri borgara býður upp á mjög fjölbreytt íþrótt- og tólmstundastarf sem yfir heldur betur undir að fólki líði betur líkamlega sem og andlega. Maður getur hreinlega hlakkað til að eldast og fá að taka þátt í því fjölbreytta starfi.

Bærinn hefur tekið alfarið yfir rekstur félagsheimilisins okkar, Hlégarðs, og þannig stuðlum við að auknu menningarlífi fyrir íbúa en menning er mikilvægur hluti af lýðheilsu.

## Við berum öll ábyrgð

Hér er aðeins stiklað á stóru en það eru fjölmörg verkefni og fjölmargir aðilar í Mosfellsbæ sem stuðla að aukinni lýðheilsu. Íþrótt- og tólmstundafélög sem er stýrt af sjálfbodaliðum eru sérstaklega mikilvæg og þar eigum við Mosfellingar mikinn mannaud.

Það er nauðsynlegt að allir finni sér einhverja íþrótt eða tólmstund sem yfir undir að rækta líkama og sál en það sem skiptir líka miklu máli er hvað maður tileinkar sér og gerir dagsdaglega. Eins og að njóta útiveru, ganga í búðina, vera virkur heima við, fá nægan svefn, borða hollan mat, rækta garðinn sinn, moka snjó og ekki má gleyma að hugsa jákvætt.

Við lifum aðeins einu sinni og því þurfum við að vanda okkur og minna á að samfélagið okkar er betra með alla sem hraustasta, virkasta og glaðasta innanborðs.

Halla Karen Kristjánsdóttir bæjarfulltrúi  
Framsóknar og formaður bæjarráðs

# Blikastaðaland - samráð við íbúa mikilvægt

Áform um íbúðabyggingu á Blikastaðalandi hafa verið á aðalskipulagi í Mosfellsbæ í áratugi. Samhlíða kynningu á drögum að nýju aðalskipulagi sl. voru frumdrög að rammahluta aðalskipulags fyrir Blikastaðaland kynnt.

Gert er ráð fyrir að Blikastaðir verði eitt þéttbýlasta íbúðarsvæði Mosfellsbæjar til samræmis við markmið svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og samgöngusáttmála sveitarfélaganna. Áhersla deiliskipulagsins verður á:

- Samspil byggðar og náttúru.
- Blágrænar ofanvatnslausnir.
- Samfélagsleg gæði.
- Gæði byggðar.
- Aukinn líffræðilegan fjölbreytileika grænna svæða
- Fjölbreytt íbúðarhúsnæði.

Skipulagsnefnd samþykkti 1. desember sl. að auglýsa skipulagslýsingu deiliskipulags. Tilgangur skipulagslýsingar er „að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess“.

Athugasemdir sem bárust voru lagðar fyrir skipulagsnefnd 19. janúar sl.

## Tímalína verkefnisins er eftirfarandi:

- Desember 2023. Skipulagslýsing auglýst.
- Nóvember 2023 - ágúst 2024. Skipulagstillögur unnar og samráð haft við umsagnar- og hagsmunaaðila.
- September 2024. Skipulagstillögur kynntar á forkynningarstigi, móttaka og úrvinnsla ábendinga. **Almennur**



## kynningarfundur.

- Október 2024 - maí 2025.

Skipulagstillögur unnar áfram, frekara samráð við hagsmunaaðila, m.a. vegna mögulegra ábendinga.

• Vor 2025. Skipulagstillögur auglýstar og kynningarfundur haldinn. Móttaka og úrvinnsla athugasemda og ábendinga.

• Sumar 2025. Samþykktarferli og gildistaka. **KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLIÐ.**

Þær athugasemdir sem bárust við skipulagslýsingu voru mest ábendingar, m.a. á mikilvægi þess að fráveitumál væru vel skipulögð. Einnig kom ábending frá Umhverfisstofnun um að samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands er heit uppspretta á skipulagssvæðinu. Náttúrufræðistofnun vekur athygli á því að ekki er ólíklegt að fuglalíf sé töluvert á svæðinu og eðlilegt að leggja mat á þá breytingu sem verður. Þá bárust jafnframt athugasemdir frá nýstofnuðum Hagsmunasamtökum íbúa í Mosfellsbæ.

Helstu athugasemdir þeirra eru að þau telja að skipulagsnefnd þurfi að útskýra fyrir almenningi hver sé ástæða þess að nefndin telji mikilvægt að hefja deiliskipulagsvinnu sem ekki er í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Rétt er að benda á að í lögum er heimild til að vinna deiliskipulag á sama tíma og aðalskipulag er endurskoðað.

Önnur athugasemd samtakanna lýtur að því að þau telja nauðsynlegt að skipulagsnefnd útskýri fyrir almenningi af hverju

nefndin telur tímabært að skipuleggja svona þetta byggð þegar augljóst er að uppbygging vegna Borgarlínu er ekki komin á það stig að hún sé tímabær.

Í þessu samhengi má benda á að pólitískur einhugur ríkir í bæjarstjórn Mosfellsbæjar um að hágæða samgöngur séu nauðsynlegar ætluð við að þróa bæinn okkar.

Þriðja athugasemd hagsmunasamtakanna lýtur að því að ekki hafi verið haft samráð við íbúa.

Hvað þetta varðar vil ég árétta að í gegnum þetta ferli hafa rammahlutinn, drög að aðalskipulagi og skipulagslýsingin verið auglýst og hafa íbúar geta kynnt sér þessar tillögur á vef Mosfellsbæjar eða Skipulagsstofnunar. Eins og fram kemur hér að ofan þá eru fyrirhugaðir að minnsta kosti tveir kynningarfundir og ekki verður hikað við að hafa þá fleiri ef þurfa þykir.

Hvað varðar þéttleika byggðarinnar er mikilvægt að finna jafnvægi á milli þéttleika byggðar, innviðaupbyggingar og mannlífs, og mun það verða leiðarljós í þeirri vinnu sem fram undan er. Þrátt fyrir meiri þéttleika en í öðrum hverfum Mosfellsbæjar, má benda á að þéttleiki verður samt sem áður minni en víða í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Þéttari byggð skapar möguleika á fjölbreyttari íbúðargerðum og við þurfum sannarlega húsnæði fyrir alla. Það er ekki valkostur fyrir fyrstu kaupendur að kaupa fyrstu eign í sérþýli, eða stórar, dýrar íbúðir í fjölbýli. Betri nýting á landi skapar meiri þjónustu og styttra er fyrir íbúa að sækja þjónustu.

Valdimar Birgisson,  
formaður skipulagsnefndar í Mosfellsbæ

## Vegna mikillar sölu leitum við að öllum gerðum eigna í þínu hverfi. Hafðu samband.

Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu samband við **Jón Rafn** í síma **695 5520** eða með tölvupósti [jon@miklaborg.is](mailto:jon@miklaborg.is) eða við **Óskar** í síma **691 2312** eða með tölvupósti [osa@miklaborg.is](mailto:osa@miklaborg.is)

**MIKLABORG**

Með þér alla leið

Bókið sköðun og fáið frítt verðmat

Jón Rafn Valdimarsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 695 5520  
[jon@miklaborg.is](mailto:jon@miklaborg.is)



Óskar S. Axelsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 691 2312  
[osa@miklaborg.is](mailto:osa@miklaborg.is)

569 7000 | Lágmúla 4 | [miklaborg.is](http://miklaborg.is)  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggjafir fasteignasalar

Stöðuuppfærslur  
in your face



**Kalli Tomm**  
Löngum fundi  
Gildrunnar  
lauk klukkan  
21:45 í kvöld.  
Ákvörðun tekin.  
Tónleikar um allt land  
fyrirhugaðir árið 2024.  
Auglýst síðar.

31. janúar



**Steini Glimmer Þóruson**  
Manneskjan  
sem ákvað að það væri  
geggjuð hugmynd að festa  
kóktappana á flöskurnar má  
hoppa upp í..... ég segi ekki  
meir en fokk ég hata fátt  
eins mið! Ok bæ!

3. febrúar



**Sigurður Hreiðar**  
Líkhringing  
Ég var 9 ára  
þegar pabbi fór að láta mig  
sjá um að hringja kirkju-  
klukkum á Lágafelli, þegar  
hann var þar meðhjálpari.  
Það var umhendis að sinna  
verkum niðri í kirkju og  
þurfa að hlaupa þrönga stiga  
til að sinna klukkunum í  
turninum.

Hluti af þessu var að hringja  
líkhringingu. Þá átti ég að  
standa uppi í tröppu svo  
ég gæti haldið um drellinn  
neðan á kólfinum í stóru  
klukkunni og lamið fast  
í hana, svo höggið væri  
sterkt og hljómmikið. Ég  
átti að byrja þegar kistan  
væri dregin út líkblinum, já,  
ég gat fylgst með því um  
gluggana á turninum. Slá þá  
fyrsta högg, síðan telja upp í  
40 og slá þá aftur. og síðan  
40 fram að næstu hringingu  
og svo koll af kolla þangað  
til ég heyrði byrjað að spila  
á orgelið.

Ég taldi þetta til trúnaðar-  
starfa og lagði mig fram um  
að gera þetta sómasamlega.  
Síðan eru liðin 77 ár.  
Klukkum á Lágafelli er  
hringt vélrænt nú. Var þar  
í gær við útför frænku  
minnar og grannkonu. Kista  
hennar var í kirkju þegar  
gestir komu að. Rétt áður en  
athöfn skyldi hefjast hófst  
líkhringingin. Heyrðist það  
vera litla klukkan.  
Og ég gat aðeins talið upp í  
8 milli slaga.


3. febrúar



facebook

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



**GARÐMENN**

...gerum garðinn frægan!

Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s  
jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum,  
timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.

Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnu-  
brögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.

Sími 893 5788



Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27. Kópavogi Sími 554 2510  
www.bilasprautun.is



BYGGJUM Á GRÆNUM LAUSNUM

TIMBURGRINDARHÚS  
KROSSLÍMDAR EININGAR  
SVALALOKANIR  
GLUGGAR OG HURÐIR



EININGAR EHF

WWW.EININGAR.IS

Sími: 565 1560 einingar@einingar.is

OPNUNARTÍMI  
SUNDLAUGA

Lágafellslaug

Virkir dagar: 06:30 - 22:00  
Helgar: 08:00 - 19:00

Varmárlaug

Virkir dagar: 06:30-08:00 og 15:00-21.30  
Laugard. kl. 08:00 -17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00

Nýir  
Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum  
Mosfellingum ásamt helstu  
upplýsingum á netfangið  
mosfellingur@mosfellingur.is

Þú finnur öll blöðin á netinu  
**WWW.MOSFELLINGUR.IS**



**MALBIKSTÖÐIN**

GLERTÆKNI ehf

Völuteigi 21

- gler í alla glugga -

S. 566-8888 • WWW.GLERTA EKNI.IS

Bílapartar ehf  
Notaðir **TOYOTA** varahlutir

Sími: 587 7659

Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ  
www.bilapartar.is



Ökukennsla Lárusar

Gsm 7775200 akamos@simnet.is

Vespu-, bifhjóla- og bilpróf

Annast akstursmat og sé um hæfnispróf fyrir þá sem hafa gleymt að endurnýja.

Tek að mér  
alla krana- og  
krabbavinnu

Útvega allt  
jarðefni

VÖRUBÍLL Þ.B.

Klapparhlíð 10  
Þorsteinn 822-7142



Útfararstofa Íslands

www.utfarin.is • Mosfellsbæ



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna  
Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

**VGH Mosfellsbæ**

VERKTAKI SÍÐAN 1968

896-9443 896-2279

ÞAÐ SEM TIL ÞARF

## HEYST HEFUR...

...að búið sé að ráða Gauja Svans í Ketilbjöllunum sem íþróttafulltrúa Mosfellsbæjar en 50 einstaklingar sóttu um stöðuna.

...að systrasveitirnar Brak og brestir og Blek og byttur hafi haldið uppi stemningunni á Þorrablóti Dalbúa.

...að Herrakvöld Lions fari fram í Hlégarði á föstudagskvöld og verður Jógvan veislustjóri.

...að Emma Kjartans sé tilnefnd til Sjónunarverðlauna Stjórnvísí 2024 en hún er deildarstjóri skipadeildar hjá Iceland Travel.

...að bærin muni fyllast af blökum í byrjun maí og Mosfellingar geti fengið finar leigutekjur af húsum sínum yfir mótshelgina.

...að Mosfellingurinn Jóna María sé komin í úrslit í Idolinu sem fram fer á föstudagskvöld.

...að mikil keppni hafi verið á milli borða á Þorrablóti Aftureldingar en best skreytta borðið áttu Sultur og pungar.

...að búið sé að rifta samningi þeirra sem ætluðu sér að byggja upp restina af Bjarkarholtinu, m.a. þriðju stærstu blokk á Íslandi auk 100 nýrra íbúða fyrir aldraða.

...að Mosfellingurinn María Agnesar-dóttir, MAIAA, verði meðal þeirra 10 sem keppa í Söngvakeppni Sjónvarpsins.

...að árshátið starfsmanna Mosfellsbæjar verði haldin í íþróttahúsinu laugardaginn 9. mars.

...að þurft hafi að loka frískápnunum við Kjarna vegna lélegrar umgengni.

...að Heimildin haldi því fram að gengið hafi verið fram hjá lögmanni Mosfellsbæjar í ráðningu í stöðu sviðsstjóra í Garðabæ.

...að búið sé að ráða fyrrum aðstoðarþjálfara Chelsea, Danny Lee, til liðs við þjálfarateymi meistaraflokks kvenna í fótbolta.

...að Dagur borgarstjóri hafi m.a. fengið buff og eintak af Mosfellingi í kveðjugjöf frá bæjarstjóra Mosfellsbæjar á dögnum.

...að Mosfellingurinn Hókon Örn Arnórsson muni berjast á stærsta MMA viðburði í Skandinavíu sem fram fer í Svíþjóð 24. febrúar.

...að Pétur Jóhann verði með uppi-stand á Blik 15. febrúar.

...að Leikfélag Mosfellssveitar sé að fara setja upp leikritið um Línu Langsokk sem stefnt er að því að frumsýna með vorinu.

...að búið sé að leggja niður samráðsvettvang Aftureldingar og Mosfellsbæjar og stofna stýrihóp um uppbyggingu á Varmásvæðinu.

...að ungbarnasundkennsla Snorra sem hefur verið á Skálatúni hafi nú fengið nýjan samastað á Háaleitisbraut.

...að Hólmfríður Halldórs verði sextug um helgina.

...að GDRN verði í Hlégarði í byrjun mars.

[mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)

## Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið [mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)

**Hermann Bæring Sigursteinsson** fæddist á Landspítalanum 18. desember 2023. 19 merkur, 4.800 g og 56 cm. Foreldrar eru S. Sævar Hermannsson og Lilja Guðrún Róbertsdóttir



### Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | [utfor@utfor.is](mailto:utfor@utfor.is) | [utfor.is](http://utfor.is)

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

## Í eldhúsinu



### Rabbabaramuffins

HJÁ INGIBJÖRGU

Ingibjörg Ásta Guðmundsdóttir deilir að þessu sinni með okkur uppskrift að rabbabaramuffins sem hún gerir oft á sumrin þegar rabbabarárin er tilbúinn.

#### Hráefni:

2 bollar hveiti  
¾ bolli sykur  
2 ½ tsk lyftiduft  
1 tsk kanill  
½ tsk matarsóði  
½ tsk salt  
2 dósir 36% sýrður rjómi  
8 msk (80 gr) brætt smjör  
2 egg  
1 tsk vanilludropar  
1 ½ bolli smátt skorinn rabbabari  
200 gr hvítt saxað súkkulaði



#### Aðferð:

Purrefnunum blandað saman í sér skál. Sýrða rjómanum, smjörinu, eggjunum og vanilludropum er blandað saman í hrærivél. Purrefnablandan svo hrærð rólega saman við. Rabbabarárin er smátt skorinn ásamt hvíta súkkulaðinu, því svo blandað saman við deigið með sleif. Deigið sett í bollakökuform og kanilsykri sáldrað yfir. Bakað á blæstri við 180°C í 18 mín.

Verði ykkur að góðu!

Ingibjörg Ásta skorar á móður sína að deila með okkur næstu uppskrift í Mosfellingi

## Það birtir alltaf til

Núna er loksins kominn febrúar. Janúar sem er lengsti og erfiðasti mánuður ársins er búinn og er ekki væntanlegur aftur fyrr en á næsta ári.

Janúar er oft sá tími ársins sem flestir reyna að gera einhvers konar breytingu, fara aftur í rútinu og huga aðeins betur að heilsunni. Við Íslendingar erum rosalega dugleg í að fara í „átak“ og ætlum þannig að gera róttækar breytingar og hefja nýjan lífstíl. Ég viðurkenni að ég er þar engin undantekning. En núna er kominn febrúar og þá finnst manni, jafnvel þótt að veðrið sýni það ekki, að þá sé eiginlega komið vor og maður finnur fyrir því að það fer að stytast í að maður fari að sjá sólina skína.

Vorið einkennist af mikilli rútinu hvort sem það er í skóla, vinnu eða æfingum, huggulegum „golden hour“ kvöldstundum þar sem maður á það til að skella sér í ísbúðina og horfa á sólsetrið og maður nær að upplifa það með hverjum deginum að það er alltaf að birta til.

Við eigum það mörg sameiginlegt að við þrífumst best í rútinu en þegar það fer að vora og maður finnur fyrir því að það fer að stytast í sumarið fer maður að þróa að detta úr þessari rútinu, vaka lengur og jafnvel fara að þróa að komast í gott sumarfrí einhvers staðar á suðrænar slóðir þar sem maður vaknar í sólinni og nokkrum tímum seinna er maður með drykk í hönd og enginn getur gert neitt í því. Eins mikið og þessi lífstíll hljómar eins og draumur þá er alltaf þessi blessaða rútiná ríkjandi og maður hlakkar alltaf til að geta komist aftur í rútinu.

Þetta dimma og langa tímabil sem við erum að upplifa núna þar sem bara snjóar og veðurviðvaranir eru nánast tilkynntar daglega þá ættum við öll að tileinka okkur vorið, tileinka okkur það að sama hvað þá birtir alltaf til á endanum. Sama hvaða erfiðu verkefni við vitum að eru fram undan eða erfiðu samtöl við eigum eftir að eiga, þá er alltaf stutt í sólina og hlýjuna. Það munu koma þessir góðu tímar sem við þráum allt árið. Eitt er víst, það birtir alltaf til.



BIRTA

MOSFELLSBAKARI.IS  
HÁHOLT 13-15  
HÁALEITISBRAUT 58-60

MOSFELLSBAKARI

## Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.is



Kassagítarar og  
hljómborð á tilboði



Mikið úrval  
Verð við allra hæfi

## SKEMMTANIR



### Hljómsveitin ÚLTRA

Hljómsveit: A. Kröyer/dúett

Tek að mér að spila í einkasamkvæmum, brúðkaupum, árhátíðum, afmælum og fl.

Er með hljómborð sem virkar eins og hljómsveit.

Get líka verið með fjölasöng og nota þá kassagítar.

Eins er ég með dinnertónlist.

Söngkona Ann Andreasen.

Verð við allra hæfi.

Anton - antonben@simnet.is  
gitarinn@gitarinn.is

Símar: 895 9376 - 552 2125

### Starfsfólk óskast

Starfsfólk vantar á Hótel Laxnes í þrif og á bar. Upplýsingar gefur Albert í síma 866-6684.

WWW.MOSFELLINGUR.IS  
WWW.MOSFELLINGUR.IS  
WWW.MOSFELLINGUR.IS  
WWW.MOSFELLINGUR.IS  
WWW.MOSFELLINGUR.IS



NÆSTI  
MOSFELLINGUR  
KEMUR ÚT

7. MARS.

Blaðinu er dreift fritt  
í öll hús í Mosfellsbæ.

Skilafrestur efnis/auðglýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

## ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

## VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



www.arioddsson.is

**ARI ODDSSON EHF**  
BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA

FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is  
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070



Sjúkrabjálfun & Sjúkranudd  
**HEILSUEFLING**  
MOSFELLSBÆJAR

Urðarholt 4 Mosfellsbær

Sími 578 5080



ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ



**VILTU  
SELJA?**

588 55 30  
WWW.BERG.IS



**MALBIKSTÖÐIN**

ÞJÓNUSTUAUGGLÝSING  
Í MOSFELLINGI

KR. 7.000 + vsk.\*

nafnspjaldastærð = 97 x 52 mm

\*Miðast við 5 birtingar eða fleiri - mosfellingur@mosfellingur.is

## Öll almenn vörubíla- og kranapjónusta

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttupjónusta og fl.



**BJ VERK** ehf.  
Björn s: 892-3042

## BílaGlerið

Framrúður & ísetningar  
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR**



Flugumýri 2 - Sími 566-6216

## GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar  
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir



Löggiltur rafverktaki

## MG LÖGMENN

Erfðaskrár - Kaupmálar - Skipti dánarbúa  
Skilnaðarsamningar - Slysamál  
Gallar í fasteignum  
Persónuleg þjónusta

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is



**ARTPRO**  
PRENTÞJÓNUSTA

Bíldshöfða 14 | Reykjavík | s. 547 4444

www.artpro.is

# SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hver er fyrirmyndin þín ?



**ALVILDA:**  
Greta Thunberg og systir mín.



**INGUNN:**  
Stóra systir mín.



**GUÐBRANDUR:**  
Mamma mín.



**GUNNAR:**  
Stóri bróðir mín.



**EMILÍA:**  
Simone Biles.



**NONNI:**  
Stóra systir mín.



Þorralegar í myndakassanum



Skál í boðinu



Skytturnar þrjár



Mosarnir í Munchen



Hjónaball að Varmá



Æskuvinkonurnar blóta



Glimmer, glimmer, glimmer



Hannes og Ólöf í kassanum

## HVERJIR VORU HVAR ?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Hörður fagnar fimmtíu árum



Mæðgin til margra ára



Hrafn og María



Mættar á súluna



Saman á þorrablót



Stelpurnar okk



Mættar í stíl



**TEAM  
MOSÓ**

### Á ÓLYMPIULEIKUNUM Í STUTTGART FIMM MOSFELLINGAR MEÐ KOKKALANDSLIÐINU

ANDRÉS, JAFET BERGMANN, GABRIEL KRISTINN, ÚLFAR ÖRN OG ÓLÖF

### TVÍFARAR



Andri Freyr



Ívar Guðmunds



Við á Sprey Hárstofu  
elskum það sem við gerum,  
við erum fagmenn!

Hárstofan  
**Sprey**

Hægt er að panta tíma á  
Sprey.is eða í síma 5176677  
Mosfellsbæ og Garðabæ.

# Brunch

## Menu

### Brunch diskur 3.690 kr

Eggjáhæra, bacon, pönnukökur, parmaskinka og brie ostur, havarti ostur, stökkar smælkikartöflur með hvítlauksósu, nýbakað brauð, ávextir og brownie bitar með karamellusósu



### Stóri Brunch diskurinn 4.690 kr

Brunch diskurinn okkar nema í stærri útfærslu fyrir þá svöngu

### Brunch Borgarinn 4.290 kr

Tvöfaldur grillaður hamburgari með steiktu eggi tvöföldum osti, beikoni og beikonsultu. Borin fram með frönskum og sinnepssósu

### Pönnukökur með Nutella 2.490 kr

Pönnukökur með sírópi og Nutella þessar klássisku

### Pönnukökur með egg og baconi 2.990 kr

Pönnukökur með eggjáhæru og stökku beikoni

### Risa vaffla 1.990 kr

Belgísk vaffla með vanilluís, smartíkurli og karamellusósu



## Blik Bistro

laugardaga og sunnudaga 11:30–16:00

### Bottomless drykkir 3.990 kr

Bættu við bottomless drykkjum í 2 tíma á meðan máltíð stendur, pantaðu þér annan um leið og þú klárar þann fyrsta! Mimosa, freyðivín eða bjór

### Mimosa 1.790 kr

Þessi eina sanna sem smellpassar með brunch disknum

### Espresso Martini 2.490 kr



### Kaffidrykkir

Americano	590.kr
Espresso	550.kr
Cappuchino	640.kr
Latte	690.kr
Macciato	640.kr



# ALLT

## FASTEIGNASALA

www.allt.is • allt@allt.is • 560-5505  
Þverholt 2 • Mosfellsbær



## VETRARRHÁTÍÐ

Skemmtileg dagskrá fór fram á Sundlauganótt í tengslum við Vetrarrhátíð þann 1. febrúar. Íþróttaálfurinn var meðal þeirra sem kíktu í heimsókn eins og sjá má á myndinni.

Mynd/RaggiÓla

Sæktu  
Landsbanka-  
appið



App Store Google Play

Múlalundur  
Glæsileg  
ritfangaverslun  
í Mosfellsbæ  
- kíktu við, þá vinna allir!



MÚLALUNDUR  
vinnustofa SÍBS  
við Reykjaland, Mosfellsbæ  
www.mulalundur.is

## MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



**Pétur Pétursson**  
löggiltur  
fasteignasali  
897-0047



**Brynjólfur Jónsson**  
löggiltur  
fasteignasali  
898-9791

Þjónusta við  
Mosfellinga í 30 ár

Háholt 14, 2. hæð  
**588 55 30**



### Silfurslétta



Rúmgott 160 fm atvinnuhúsnæði á Esjumelum. Húsið er með góða staðsetningu og mjög rúmgott. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Næg bílastæði.

### Klapparhlíð



Glæsileg 87,5 fm íbúð í enda á 2. hæð í Klapparhlíð. Nýleg eldhúsinnrétting og eldhústæki. Nýtt baðherbergi. Tvö rúmgóð svefnherbergi og geymsla innan íbúðar. Sér inngangur. Svalir í suður. Topp eign á frábærum stað.

Verð 68,5 m.

### Leirvogstunga



253 fm einbýlishús við Leirvogstungu. Húsið er vel staðsett með útsýni og stór garður umhverfis. Sólfallur og hellulagt bílaplan með snjóbræðslu. Er í góðu viðhaldi. Auðvelt að setja upp aukaíbúð í eigninni. Hiti er í gólfum að hluta. 5 svefnherbergi.

Verð: 135 m.

### Bjarkarholt



Mjög falleg 60 fm íbúð á 3. hæð í nýju lyftuhúsi við Bjarkarholt. Íbúðin er fullbúin og fylgja með ísskápur og uppþvottavél. Vönduð gólfefni og innréttingar. Svalir snúa í suður.